

ÍSLENDINGAÞÆTTIR

Styttir og endursagðir

ISBN: 978-0079-0-2392-0

© 2019 Ragnar Ingi Aðalsteinsson

© 2019 Teikningar Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson

Forsíðumyndin er fengin hjá Árnastofnun

Kort á bls. 2-3 er fengið af vef Landsbókasafns Íslands - Háskóla-
bókasafn

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Fagleg ráðgjöf og yfirlestur: Magdalena Berglind Björnsdóttir
grunnskólakennari, Þórður Ingi Guðjónsson ritstjóri
Íslenzkra fornrita

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Pakkir fyrir veitta aðstoð fá nemendur í 9. EHG

í Foldaskóla, veturinn 2018–2019

1. útgáfa 2019

Menntamálastofnun


Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentmiðlun ehf./Lettland

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljós-
myndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt,
að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.





EFNISYFIRLIT

Um Íslendingaþætti 4

1. Brands þáttur örva 7

1. Brands þáttur örva 11

2. Ívars þáttur Ingimundarsonar 14


2. Ívars þáttur Ingimundarsonar 18

3. Þorsteins þáttur skelks
Óvenjulegur næturgestur 22
Ólafur konungur gaf Þorsteini auknefni 26

3. Þorsteins þáttur skelks
Óvenjulegur næturgestur 28
Ólafur konungur gaf Þorsteini auknefni 32


4. Auðunar þáttur vestfirska
Auðun keypti bjarndýr 34
Auðun fór til Rómaborgar 38
Sveinn konungur launar fyrir bjarndýrið 41
Auðun hitti Harald konung 43

4. Auðunar þáttur vestfirska
Auðun keypti bjarndýr 46
Auðun fór til Rómaborgar 50
Sveinn konungur launar fyrir bjarndýrið 53
Auðun hitti Harald konung 56





5. Sörla þáttur	59
6. Gull-Ásu-Þórðar þáttur	
Þórður kynnist Ásu	65
Þórður lendir í átökum	68
Eysteinn konungur blandar sér í deiluna	71
7. Geirmundar þáttur heljarskins	
Geirmundur og Hámundur heljarskinn	74
Frá Hjörssonum og Braga skáldi	76
Af hernaði þeirra bræðra	78
Landnám Geirmundar og búrausn	80
Af Atla, þræli Geirmundar	82
Frá ljósinu í hvamminum	84
8. Halldórs þáttur Snorrasonar	
Halldór í sveit Haralds konungs	86
Ósætti milli Haralds konungs og Halldórs	89
Halldór fékk skip til umráða	93
Halldór innheimti skuld hjá Haraldi konungi	98
Halldór í Hjarðarholti til æviloka	102
Nokkur ritunarverkefni	104



UM ÍSLENDINGAÞÆTTI

Íslendingaþættir eru stuttar frásagnir frá miðöldum. Þeir hafa gildi sem sjálfstæðar sögur, oft tengdir öðrum viðameiri sögum, jafnvel í sumum tilvikum hluti af stærra verki en geta staðið sem sjálfstæð saga. Líklegt er talið að áður en ritun hófst hafi þættirnir verið þekktir sem munnlegar frásagnir.

Lausamálstextum frá miðöldum er í umfjöllun fræðimanna venjulega skipt í sex flokka: helgisögur (biskupasögur), riddarasögur (frumsamdar og þýddar), fornaldarsögur Norðurlanda, konungasögur, samtíðarsögur (einkum Sturlungasaga en stundum eru sögur um nýlátna konunga og biskupa taldar með í þeim flokki) og Íslendingasögur. Íslendingaþættir eru sjöundi flokkurinn og misjafnt er hvort þeir eru skilgreindir sem sérstakur undirflokkur fornsagna eða undirflokkur Íslendingasagna.

Íslendingaþættir fjalla, eins og nafnið bendir til, um Íslendinga. Í öllum tilvikum er aðalpersónan Íslendingur og þátturinn segir af einhverjum frásagnarverðum atvikum í lífi hans. Flestir þættirnir eru varðveittir í handriti sem kallast Morkinskinna og inniheldur konungasögur. Þættirnir tengjast konungasögum þannig að oft fjalla þeir um samskipti íslenskra manna við erlenda konunga. Þar má þá lesa um skemmtileg tilsvör og djarfar og hreinskilnislegar ákvarðanir. Íslendingaþættir bera alltaf með sér einhvern boðskap, segja frá eftirtektarverðri uppkomu eða einhverju sem er vert til eftirbreytni,

manni sem lendir í erfiðum eða hættulegum aðstæðum en er þolinn og úrræðagóður og bjargar sér. Og þar má líka lesa andstæðu þess, vegna þess að þar sem eru hugaðir menn og hreinskilnir, þar eru líka aðrir sem verða uppvísir að undirferli og svikum, lygum, óhróðri og yfirgangi. Lesandinn verður svo sjálfur að draga ályktanir af frásögninni.

Annað er það sem vekur athygli þegar þættirnir eru skoðaðir. Engin aðalpersóna Íslendingaþátta er kona. Eini þátturinn sem ber nafn konu er Gull-Ásu-Þórðar þáttur og þar er þó Ása í aukahlutverki því að Þórður er að sjálfsgöðu aðalpersóna þáttarins, hetja frásagnarinnar. Þetta er umhugsunarvert. Var líf og starf kvenna á þessum tíma svo fábrotið og lítills um vert að um það fæddust engar sögur? Voru kannski skrifararnir allir karlmenn og sáu ekki annað frásagnarvert en sögur sem tengdust vopnaburði og hermennsku? Þið sem lesið þessa bók ættuð að velta fyrir ykkur þessum algjöra kynjahalla í Íslendingaþáttum og íhuga hvort ekki hefði verið hægt að setja saman einhverja þætti um hugrekki, hreysti og snjöll tilsvör með konu í aðalhlutverki.

Þetta breytir þó ekki því að þættirnir eru skemmtilegir aflestrar og þeir hafa sinn boðskap og leiftrandi snilld sem íslenska þjóðin hefur glatt sig við í átta hundruð ár, að minnsta kosti, líklega miklu lengur. Við skulum njóta frásagnanna. Þær eru þess virði.



1. BRANDS ÞÁTTUR ÖRVA

Nú er frá því sagt að á einu sumri kom til Noregs utan af Íslandi Brandur sonur Vermundar í Vatnsfirði. Hann var kallaður Brandur **hinn örvi**. Var það **sannnefni**. Brandur lagði skipi sínu inn til Niðaróss.

Þjóðólfur skáld var vinur Brands og hafði margt sagt Haraldi konungi frá Brandi, hve mikill ágætismaður hann var og vel að sér. Þjóðólfur hafði sagt að honum þætti augljóst að enginn annar maður væri betur til konungs fallinn á Íslandi vegna **örleika** hans og stórmennsku.

Hann hefur sagt konungi margt frá örleikum Brands og mælti konungur: „Það skal ég nú reyna,“ segir hann. „Gakktu til hans og biddu hann að gefa mér skikkju sína.“

Þjóðólfur fór og kom inn í skemmu þar sem Brandur var fyrir. Hann stóð á gólfinu og mældi léreft. Hann var í **skarlatsskyrtli** og skarlatsskikkju utan yfir honum og hafði losað um skikkju-böndin til að eiga auðveldara með vinnuna. Hann hafði öxi **gullrekna** í handarkrikanum.

Þjóðólfur mælti: „Konungur vill fá skikkjuna að gjöf.“

Brandur hélt fram verkinu og svaraði engu, en hann lét skikkjuna falla af sér og tekur Þjóðólfur hana upp og færir konungi og spurði konungur hvað þeim hefði farið á milli. Hann segir að Brandur hefði ekki sagt orð, segir konungi síðan hvað hann var að gera og hvernig hann var búinn.

hinn örvi merkir hinn örláti, gjafmildi

sannnefni merkir að nafnið gaf rétta mynd af Brandi

örleiki merkir örlæti, gjafmildi

skarlatsskyrtill er kyrtill úr vönduðu ullarefni, oftast rauðu

gullrekin merkir skreytt með gulli

Konungur mælti: „Víst er sá maður skapstór og mun vera mikils háttar maður er honum þótti ekki ástæða til að hafa orð um þetta. Farðu aftur og segðu að ég vilji eignast öxina þá hina gullreknu.“

Þjóðólfur mælti: „Ég vil helst ekki fara aftur, herra. Ég veit ekki hvernig hann mun bregðast við.“

„Þú hófst þessa umræðu um Brand, bæði nú og áður,“ segir konungur, „enda skaltu nú fara og segja að ég vilji þiggja öxina þá hina gullreknu. Ekki þykir mér hann ör nema hann gefi mér hana.“

Fer Þjóðólfur nú til fundar við Brand og segir að konungur vill eignast öxina. Hann rétti frá sér öxina og sagði ekki orð. Þjóðólfur færir konungi öxina og segir honum samskipti þeirra.

Konungur mælti: „Allt bendir til þess að þessi maður sé örvari en aðrir og græðist mér nú fé. Farðu enn og segðu að ég vilji eignast kyrtlinn sem hann stendur í.“

Þjóðólfur segir: „Það er ekki við hæfi, herra, að ég fari oftar.“

Konungur mælti: „Þú skalt víst fara.“

Fer hann enn og kemur í skemmuna og segir að konungur vilji eignast kyrtlinn. Brandur hættir þá við það sem hann var að gera og fer úr kyrtlinum og segir ekki orð. Hann sprettir annarri erminni af og kastar síðan braut kyrtlinum en hefur eftir afskornu ermina. Þjóðólfur tekur kyrtlinn upp og fer á fund konungs og sýnir honum.

Konungur leit á og mælti síðan: „Þessi maður er bæði vitur og stórlyndur. Auðséð er af hverju hann hefur sprett erminni af. Honum finnst að ég hafi bara aðra höndina og þá hönd sem þiggur ávallt en veitir aldrei, og farðu nú og sæktu hann.“

Og var svo gert og fór Brandur til konungs og þáði af honum góða virðing og fégjafir. Og var þetta gert til að reyna hann.

RIFJID UPP:

1. Hvað merkir hinn örvi?
2. Hvaðan var Brandur hinn örvi?
3. Hvað gerði Brandur þegar konungur sendi Þjóðólf í þriðja sinn til hans og bað þá um kyrtlinn sem hann var í?

TIL UMRÆÐU:

- Faðir Brands hét Vermundur Þorgrímsson og bjó í Vatnsfirði. Hvar er Vatnsfjörður? Hvað getið þið fundið um Vermund þennan t.d. á netinu?
- Þjóðólfur skáld var Arnórsson. Flettið honum upp og ræðið um hver hann var og hvað er um hann vitað.
- Hvað finnst ykkur um þessa tilraun Haralds konungs til að finna út hversu örlátur (gjafmildur) Brandur væri?
- Hvað var Brandur að gefa í skyn þegar hann hélt eftir annarri erminni af kyrtlinum? Hvers vegna gerði hann þetta? Finnst ykkur þetta rétt hjá honum?
- Hver var þessi Haraldur? Hvenær var hann konungur í Noregi?



1. BRANDS ÞÁTTUR ÖRVA

Brandur sonur Vermundar í Vatnsfirði kom utan af Íslandi til Noregs. Hann var kallaður Brandur **hinn örvi** vegna þess hvað honum þótti gaman að gefa öðrum gjafir. Brandur sigldi skipi sínu inn til Niðaróss.

Þjóðólfur skáld var vinur Brands og hafði sagt Haraldi konungi margt frá Brandi, hve mikill ágætismaður hann var. Þjóðólfur hafði sagt að honum þætti augljóst að enginn annar maður væri heppilegri til að verða konungur yfir Íslandi.

Eitt sinn þegar Þjóðólfur var að tala um hvað Brandur væri örlátur þá sagði konungur: „Nú ætla ég að komast að því hvort þetta er rétt hjá þér,“ segir hann. „Farðu til hans og biddu hann gefa mér skikkjuna sína.“

Þjóðólfur fór og kom inn í skemmu þar sem Brandur var að vinna. Hann stóð á gólfinu og mældi léreft en það er efni til að gera föt úr. Hann var í rauðum kyrtli og rauðri skikkju utan yfir honum og hafði losað um skikkjuböndin til að eiga auðveldara með vinnuna. Hann hafði gullskreytta öxi í handarkrikanum.

Þjóðólfur mælti: „Konungur vill fá skikkjuna að gjöf.“

Brandur hélt áfram við verkið og svaraði engu, en hann lét skikkjuna falla af sér og tekur Þjóðólfur hana upp og færir konungi og spurði konungur hvað Brandur hefði sagt. Þjóðólfur segir að Brandur hafði ekki sagt orð, segir konungi síðan hvað hann var að gera og hvernig hann var búinn.

hinn örvi merkir hinn örláti, gjafmildi
kyrtill er síð skyrta úr vönduðu ullarefni

Konungur mælti: „Þetta er merkilegur maður fyrst honum fannst ekki ástæða til að segja neitt um þetta. Farðu aftur og segðu að ég vilji eignast gullskreyttu öxina.“

Þjóðólfur mælti: „Ég vil helst ekki fara aftur, herra. Ég veit ekki hvernig hann mun bregðast við.“

„Þú byrjaðir að tala um Brand, bæði nú og áður,“ segir konungur, „enda skaltu nú fara og segja að ég vilji þiggja gullskreyttu öxina. Mér finnst hann ekki örlátur nema hann gefi mér hana.“

Fer Þjóðólfur nú og hittir Brand og segir að konungur vilji eignast öxina. Brandur rétti frá sér öxina og sagði ekki orð. Þjóðólfur færir konungi öxina og segir honum hvað Brandur hafði gert.

Konungur mælti: „Allt bendir til þess að þessi maður sé örlátari en aðrir menn og nú er ég að græða. Farðu einu sinni enn og segðu að ég vilji eignast kyrtilinn sem hann stendur í.“

Þjóðólfur segir: „Það er ekki kurteislegt, herra, að ég fari oftar.“

Konungur mælti: „Þú skalt víst fara.“

Þjóðólfur fer og kemur í skemmuna og segir að konungur vilji eignast kyrtilinn. Brandur hættir þá við það sem hann var að gera og fer úr kyrtlinum og segir ekki orð. Hann **sprettir** annarri erminni af og kastar síðan kyrtlinum frá sér en hefur eftir afskornu ermina. Þjóðólfur tekur kyrtilinn upp og fer til konungs og sýnir honum.

Konungur leit á kyrtilinn og mælti: „Þessi maður er bæði

örlátur merkir gjafmildur, sá sem gefur gjarnan gjafir
sprettir af merkir hér tekur af, rifur af

vitur og örlátur. Greinilegt er af hverju hann hefur sprett erminni af. Honum finnst að ég hafi bara aðra höndina og þá hönd sem vill bara þiggja gjafir en gefur aldrei og farðu nú og sæktu hann.“

Og var svo gert og fór Brandur til konungs. Konungur gaf honum margar góðar gjafir og sýndi honum virðingu. Og var þetta gert til að reyna hann.

RIFJID UPP:

1. Hvað merkir hinn örvi?
2. Hvaðan var Brandur hinn örvi?
3. Hvað gerði Brandur þegar konungur sendi Þjóðólf í þriðja sinn til hans og bað þá um kyrtlinn sem hann var í?

TIL UMRÆÐU:

- Faðir Brands hét Vermundur Þorgrímsson og bjó í Vatnsfirði. Hvar er Vatnsfjörður?
- Hvað fannst Þjóðólfi um Brand? Hvað sagði hann við Harald konung?
- Hvað vildi Haraldur konungur gera til að komast að örlæti (gjafmildi) Brands?
- Hvers vegna hélt Brandur eftir annarri erminni af kyrtlinum? Finnst ykkur þetta rétt hjá honum?
- Hver var þessi Haraldur? Hvenær var hann konungur í Noregi?

2. ÍVAR'S ÞÁTTUR INGIMUNDARSONAR

Í því sem ég segi nú frá mun koma fram hver afbragðsmaður Eysteinn konungur var og hve mjög hann var góður við vini sína og hugkvæmur að leita eftir því við sína bestu vini hvaða sorgir væru að þjaka þá.

Sá maður var með Eysteini konungi er Ívar hét og var Ingimundarson, íslenskur að ætt og **stórættaður að kyni**, vitur maður og skáld gott. Konungur virti hann mikils og vildi allt fyrir hann gera eins og nú kemur fram.

Þorfinnur hét bróðir Ívars. Hann fór einnig utan á fund Eysteins konungs og naut þar mjög frá mörgum mönnum bróður síns. En honum þótti það óásættanlegt að hann skyldi ekki þykja jafngóður og bróðir hans og þurfa að njóta hans og undi af því ekki með konungi og bjóst út til Íslands.

Og áður en þeir bræður skildust bað Ívar Þorfinn að bera orð Oddnýju Jóansdóttur að hún biði hans og giftist ekki, dáði hana mest allra kvenna.

Síðan fer Þorfinnur út og gekk ferðin vel, og tók hann það ráð að hann bað Oddnýjar fyrir konu og fékk hennar.

Og litlu síðar kom Ívar út og frétti þetta og þótti Þorfinnur hafa komið illa fram við sig og unir hann engu og fer aftur síðan til konungs og er með honum í góðu yfirlæti sem fyrr.

Ívar er nú mjög hryggur og er konungur fann það bað hann Ívar hitta sig og spurði hvers vegna hann væri svo ókátur, „og áður þegar þú varst með okkur var margs konar skemmtan að orðum þínum. Og ekki spyr ég að þessu af því að ég viti ekki að

stórættaður að kyni merkir af mjög góðri ætt

út þýddi á þessum tíma að fara til Íslands („Út vil ek“ eru þekkt orð sem Snorri Sturluson lét falla þegar hann var í Noregi en vildi fara til Íslands)

þér mislíkar ekki við mig. Þú ert líka svo vitur maður að þú munt ekki vera að ímynda þér eitthvað sem ekki á við rök að styðjast og segðu mér hvað er að.“

Ívar svaraði: „Það sem er að, herra, get ég ekki sagt.“

Konungur mælti: „Ég mun þá geta mér þess til. Eru hér nokkrir menn þeir er þér líkar ekki við?“

„Ekki er það, herra,“ segir Ívar.

Konungur mælti: „Finnst þér þú hafa af mér **minni sóma** en þú vildir?“

„Ekki er það, herra,“ segir hann.

„Hefur þú séð nokkra hluti,“ segir konungur, „sem þér hefur mislíkað hér í landinu?“

Hann segir það ekki vera.

„Nú fer að verða erfitt að giska,“ segir konungur. „Viltu komast yfir einhverjar eignir?“

Hann neitaði því.

„Eru nokkrar konur þær í þínu landi,“ segir konungur, „er þér sé eftirsjá að?“

Hann svaraði: „Svo er, herra.“

Konungur mælti: „Vertu ekki sorgmæddur út af þessu. Þegar vorar skaltu fara út. Mun ég fá þér fé og bréf mitt með innsigli til þeirra manna sem ráða, og veit ég ekki um neina þá menn sem ekki mundu fara eftir því sem ég legg til og gifta þér konuna.“

Ívar svaraði: „Það er ekki hægt.“

Konungur mælti: „Það getur ekki verið,“ segir hann. „Þó að annar maður eigi konuna þá mun ég þó ná henni þér til handa ef ég vil.“

Ívar svaraði: „Þetta er mjög erfitt mál, herra. Bróðir minn á nú konuna.“

Þá mælti konungur: „Hættum þá að hugsa um það,“ segir hann. „Mér kemur ráð í hug. Eftir jólin mun ég fara á veislur og komdu með mér og muntu þar sjá margar fallegar konur, og ef þær eru ekki af konungsættum þá mun ég fá þér einhverja þeirra.“

Ívar svaraði: „Herra, svo þunglega er komið mínu máli að jafnan er ég sé fagar konur þá minna þær mig á þessa konu og verður harmur minn því meiri.“

Konungur mælti: „Þá mun ég fá þér mannaforráð og eigur, eins og ég hef boðið þér áður, og skemmtir þú þér við það.“

Hann svaraði: „Ekki uni ég því.“

Konungur mælti: „Þá fæ ég þér lausafé og ferð þú verslunarferðir til þeirra landa sem þú vilt.“

Hann sagðist ekki vilja það.

Þá mælti konungur: „Vandast nú heldur málið því að ég hef leitað allra ráða sem ég kunni. Og er nú eftir einn hlutur og er sá lítils verður hjá þessum sem ég hef boðið þér en þó er erfitt að segja til um hvað dugir best. Komdu til mín á hverjum degi, þegar máltíðum er lokið og ég er ekki að sinna nauðsynlegum málum, og mun ég tala við þig. Skulum við ræða um konu þessa eins og þú vilt og þér dettur í hug og mun ég gefa mér tíma til þess því að það gerist stundum að harmur manna léttist ef um hann er rætt. Og það skal einnig fylgja þessu að aldrei skaltu fara gjaflaust í brott frá mínum fundi.“

fara á veislur vísar til þess að konungur fór um landið og lét veita sér og mönnum sínum mat og húsaskjól um tiltekinn tíma (yfirleitt ekki lengur en þrjá daga)
mannaforráð merkir veraldleg völd, stjórnunarstaða

Ívar svaraði: „Þetta vil ég, herra, og haf þökk fyrir.“

Og nú gera þeir svo að jafnan þegar konungur situr ekki yfir vandamálum þá talar hann oft um þessa konu við Ívar. Og þetta ráð þeirra bar árangur og létti Ívari von bráðar og minnkaði harmur hans. Gladdist hann eftir þetta og kemur í samt lag sem fyrr hafði verið um skemmtun hans og gleði. Og er hann með Eysteini.

RIFJID UPP:

1. Hvers vegna líkaði Þorfinni, bróður Ívars, ekki vistin hjá Eysteini konungi?
2. Hvaða skilaboð átti Þorfinnur að bera til Íslands frá bróður sínum?
3. Hvað gerði hann svo þegar hann kom til Íslands?
4. Hvaða ráð var það sem dugði loks til að konungi tækist að hjálpa Ívari upp úr þunglyndinu?

TIL UMRÆÐU:

- Í sögunni er talað um að Ívar hafi verið stórættaður að kyni. Hvað merkir þetta og hvað þýddi það í raun?
- Hvað finnst ykkur um það hvernig Þorfinnur rak erindi bróður síns á Íslandi? Hver gæti verið skýringin á þessu uppátæki hans?
- Ræðið aðferð Eysteins konungs sem hann notar til að ná Ívari upp úr þunglyndinu. Hvað kallast þetta á máli fagmanna?
- Þegar sagt var til forna að einhver vildi „fara út“ merkti það að fara til Íslands. Hvernig gæti staðið á því?
- Hver var þessi Eysteinn? Hvenær var hann konungur í Noregi?

2. ÍVAR'S ÞÁTTUR INGIMUNDARSONAR

Í því sem ég segi nú frá mun koma fram hver afbragðsmaður Eysteinn konungur var. Hann var góður við vini sína og gat alltaf komist að því við sína bestu vini hvað væri að hjá þeim.

Ívar Ingimundarson hét maður sem var með Eysteini konungi. Hann var íslenskur, vitur maður og skáld gott. Konungur hafði mikið álit á honum og vildi allt fyrir hann gera eins og nú kemur fram.

Þorfinnur hét bróðir Ívars. Hann fór einnig utan til Eysteins konungs og þar fékk hann aðallega hrós fyrir að vera bróðir Ívars. En hann var ekki ánægður með að hann skyldi ekki þykja jafngóður og bróðir hans og þess vegna líkaði honum ekki að vera með konungi og fór út til Íslands.

Og áður en þeir bræður skildu það Ívar Þorfinn að bera skilaboð til Oddnýjar Jóansdóttur að hún biði hans og giftist ekki öðrum því hann dáði hana mest allra kvenna.

Síðan fer Þorfinnur til Íslands og gekk ferðin vel, og tók hann það ráð að hann bað Oddnýjar sjálfur og fékk hana fyrir konu.

Og litlu síðar kom Ívar til Íslands og frétti þetta og þótti Þorfinnur hafa komið illa fram við sig og er mjög niðurdreginn yfir þessu og fer aftur til konungs og er með honum í góðu yfirlæti eins og áður.

Ívar er nú mjög hryggur. Þegar konungur fann það bað

út þýddi á þessum tíma að fara til Íslands („Út vil ek“ eru þekkt orð sem Snorri Sturluson sagði þegar hann var í Noregi en vildi fara til Íslands)

hann Ívar að hitta sig og spurði hvers vegna hann væri svo ókátur. „Áður þegar þú varst hér með okkur þá varst þú kátur og skemmtilegur. Ég veit að þér mislíkar ekki við mig en nú bið ég þig að segja mér hvað er að.“

Ívar svaraði: „Það sem er að, herra, get ég ekki sagt.“

Konungur mælti: „Ég mun þá giska á það. Eru hér einhverjir menn sem þér líkar ekki við?“

„Ekki er það, herra,“ segir Ívar.

Konungur mælti: „Finnst þér að ég hafi ekki sýnt þér virðingu?“

„Ekki er það, herra,“ segir hann.

„Hefur þú séð eitthvað,“ segir konungur, „sem þér hefur mislíkað hér í landinu?“

Hann segir það ekki vera.

„Nú fer að verða erfitt að giska,“ segir konungur. „Viltu komast yfir einhverjar eignir?“

Hann neitaði því.

„Eru einhverjar konur þær í þínu landi,“ segir konungur, „sem að þú sérð eftir?“

Hann svaraði: „Það er þannig, herra.“

Konungur mælti: „Vertu ekki sorgmæddur út af þessu. Þegar vorar skaltu fara til Íslands. Mun ég fá þér peninga og bréf með innsigli mínu til þeirra manna sem ráða og veit ég að þeir munu gifta þér konuna.“

Ívar svaraði: „Það er ekki hægt.“

Konungur mælti: „Það getur ekki verið,“ segir hann. „Þó að annar maður eigi konuna þá mun ég þó ná henni handa þér ef ég vil.“

Ívar svaraði: „Þetta er mjög erfitt mál, herra. Bróðir minn á nú konuna.“

Þá mælti konungur: „Hættum þá að hugsa um það,“ segir hann. „Mér kemur ráð í hug. Eftir jólin mun ég fara um landið og sitja veislur og komdu með mér og muntu þar sjá margar fallegar konur. Ef þær eru ekki af konungsættum þá mun ég sjá til þess að þú fái einhverja þeirra.“

Ívar svaraði: „Herra, mitt mál er svo slæmt að alltaf þegar ég sé fagrar konur þá minna þær mig á þessa konu og verður **harmur** minn ennþá meiri.“

Konungur mælti: „Þá mun ég fá þér embætti og gera þig að yfirmanni yfir einhverjum eignum, eins og ég hef boðið þér áður, og skemmtir þú þér við það.“

Hann svaraði: „Ekki vil ég það.“

Konungur mælti: „Þá fæ ég þér **lausafé** og ferð þú verslunarferðir til þeirra landa sem þú vilt.“

Hann sagðist ekki vilja það.

Þá mælti konungur: „Vandast nú heldur málið því að ég hef reynt allt sem ég kann. En nú er eitt eftir sem mér dettur í hug að gæti hjálpað þér. Komdu til mín á hverjum degi, þegar máltíðum er lokið og ég er ekki að sinna nauðsynlegum málum, og mun ég tala við þig. Skulum við ræða um konu þessa eins og þú vilt og þér dettur í hug. Mun ég gefa mér tíma til þess því að það gerist stundum að harmur manna léttist ef talað er um hann. Og það skal fylgja þessu að ég mun gefa þér einhverja gjöf í hvert sinn.“

Ívar svaraði: „Þetta vil ég, herra, og þakka þér fyrir.“

harmur merkir sorg
lausafé eru peningar

Og nú gera þeir þetta alltaf þegar konungur situr ekki yfir vandamálum þá talar hann oft um þessa konu við Ívar. Og þetta ráð þeirra bar árangur og varð Ívar léttari í skapi og minnkaði harmur hans. Gladdist hann eftir þetta og kemur í samt lag sem fyrr hafði verið um skemmtun hans og gleði. Og er hann með Eysteini.

RIFJID UPP:

1. Hvers vegna var Þorfinnur, bróðir Ívars, ekki ánægður hjá Eysteini konungi?
2. Hvaða skilaboð átti Þorfinnur að bera til Íslands frá bróður sínum?
3. Hvað gerði hann svo þegar hann kom til Íslands?
4. Hvernig tókst konungi að hjálpa Ívari upp úr þunglyndinu?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað finnst ykkur um hegðun Þorfinns þegar hann kom til Íslands? Hver gæti verið skýringin á þessu uppátæki hans?
- Ræðið aðferð Eysteins konungs sem hann notar til að hjálpa Ívari upp úr þunglyndinu. Hvað kallast þetta á máli fagmanna?
- Þegar sagt var til forna að einhver vildi „fara út“ merkti það að fara til Íslands. Hvernig gæti staðið á því?
- Hver var þessi Eysteinn? Hvenær var hann konungur í Noregi?

3. ÞORSTEINS ÞÁTTUR SKELKS

ÓVENJULEGUR NÆTURGESTUR

Það er sagt að Ólafur konungur fór að veislum sumar eitt austur um Víkina og víðara annars staðar. Tók hann veislu á þeim bæ er á Reimi heitir. Hann var mjög fjölmennur. Sá var maður þá með konungi er Þorsteinn hét Þorkelsson, Ásgeirssonar æðikolls, Auðunarsonar skökuls, íslenskur maður, og hafði komið til konungs um veturinn áður.

Um kvöldið er menn sátu yfir drykkjuborðum talaði Ólafur konungur um að enginn maður af hans mönnum skyldi fara einn saman í salerni um nóttina því að hver sem þess þyrfti skyldi kalla með sér féлага sinn, annað sagði hann ekki mundu gefast vel. Drekkja menn nú vel um kveldið, en þegar drykkjuborð höfðu verið tekin ofan gengu menn að sofa.

Og er leið á nóttina vaknaði Þorsteinn Íslendingur og þurfti að ganga örna sinna, en sá svaf fast er hjá honum lá svo að Þorsteinn vildi ekki vekja hann. Stendur hann þá upp og kippir skóm á fætur sér og tekur yfir sig einn feld þykkan og gengur til heimilishús. Það var stórt hús svo að ellefu menn máttu sitja hvorum megin. Sest hann á ystu setu. Og er hann hefur setið nokkra stund sér hann að þúki kemur upp á innstu setu og sat þar.

Þorsteinn mælti þá: „Hver er þar kominn?“

Dólgurinn svarar: „Hér er kominn Þorkell hinn þunni er féll með Haraldi konungi hilditönn.“

fór að veislum merkir að hann ferðaðist um og lét veita sér og föruneyti sínu mat og húsaskjól í tiltekinn tíma (yfirleitt ekki lengur en þrjá daga)

Víkin er Oslóarfjörðurin í Noregi

að ganga örna sinna merkir að fara og kúka

heimilishús er salerni, klósett (náðhús)

dólgur er illilegur maður (getur líka þýtt óvinur)



„Hvaðan komst þú nú að?“ sagði Þorsteinn.

Hann sagðist nú vera nýkominn úr helvíti.

„Hvað kanntu þaðan að segja?“ spurði Þorsteinn.

Hinn svarar: „Hvers viltu spyrja?“

„Hverjir þola best **píslir** í helvíti?“

„Enginn betur,“ sagði púki, „en Sigurður Fáfnisbani.“

„Hverja písl hefur hann?“

„Hann kyndir brennandi ofn,“ sagði draugurinn.

„Ekki þykir mér það svo mikil písl,“ segir Þorsteinn.

„Ekki er það þó,“ kvað púki, „því að hann er sjálfur eldsmaturinn sem kynt er með.“

„Mikið er það þá,“ sagði Þorsteinn, „eða hver þolir þar verst píslir?“

Draugurinn svarar: „Starkaður hinn gamli þolir verst því að hann æpir svo að okkur fjöndunum. Er það meiri pína en flest allt annað svo að við fáum aldrei frið fyrir ópum hans.“

„Hvaða kvalir hefur hann,“ sagði Þorsteinn, „sem hann þolir svo illa, svo hraustur maður sem hann hefur verið sagður?“

„Hann hefur ökklaeld.“

„Ekki þykir mér það svo mikið,“ sagði Þorsteinn, „fyrir slíkan kappa sem hann hefur verið.“

„Ekki er þá rétt á lítið,“ sagði draugur, „því að iljarnar einar standa upp úr eldinum.“

„Mikið er það,“ sagði Þorsteinn, „og æptu eftir honum eitt óp.“

„Það skal vera,“ sagði púki.

Hann sló þá í sundur á sér **hvoftunum** og setti upp gaul mikið en Þorsteinn vafði feldinum um höfuð sér.

Honum brá mjög við óp þetta og mælti: „Æpir hann þetta ópið mest svona?“

„Fjarri fer um það,“ sagði draugur, „því að þetta er óp okkar **drýsildjöflanna**.“

„Æptu eftir Starkaði lítið eitt,“ sagði Þorsteinn.

„Það má vel,“ kvað púki.

Tekur hann þá að æpa í annað sinn svo óskaplega að Þorsteini þótti ótrúlegt í hversu mikið sá fjandi jafnlítill gat gaulað.

Þorsteinn gerir þá sem fyrr að hann vafði feldinum að höfði sér og brá honum þó svo við að hann féll í yfirlið svo að hann vissi ekki af sér.

Þá spurði púkinn: „Hví þegir þú nú?“

Þorsteinn ansaði þegar hann jafnaði sig: „Því þegi ég að ég undrast hve mikil ógnarraust liggur í þér, ekki meiri púki en mér sýnist þú vera, eða er þetta hið mesta óp Starkaðar?“

„Ekki er nærri því. Þetta er,“ segir hann, „heldur hið minnsta óp hans.“

hvoftur merkir kjaftur, gin

drýsildjöfull merkir smádjöfull, púki

„Dragðu ekki undan lengur,“ sagði Þorsteinn, „og láttu mig heyra mesta ópið.“

Púki játaði því. Þorsteinn bjó sig undir það og braut saman feldinn og snaraði hann svo að höfði sér og hélt að utan báðum höndum. Draugurinn hafði þokað að Þorsteini um þrjár setur við hvert ópið og voru þá þrjár á milli þeirra. Púkinn belgdi þá hræðilega hvoftana og sneri um í sér augunum og tók að gaula svo hátt að Þorsteini þótti úr hófi keyra og í því kvað við klukkan í staðnum en Þorsteinn féll í yfirið fram á gólfið.

En púkanum brá svo við klukkuhljóðið að hann steyptist niður í gólfið og mátti lengi heyra hljóðið sem fylgdi því þegar hann steyptist niður í jörðina. Þorsteinn raknaði skjótt við og stóð upp og gekk til sængur sinnar og lagðist niður.

UPPRIFJUN:

1. Hver var Ólafur konungur sem frá segir í kaflanum?
2. Þorsteinn Þorkelsson fór einn út um nótt. Hvert var erindi hans?
3. Þar sem Þorsteinn sat einn um nóttina fékk hann skyndilega félagsskap. Hver var þar á ferð og hver sagðist hann vera?
4. Hvað varð til þess að Þorsteinn losnaði við gestinn?

TIL UMRÆÐU:

- Haraldur konungur hilditönn, Sigurður Fáfnisbani og Starkaður hinn gamli eru nefndir í kaflanum. Flettið þeim upp. Hvað er vitað um þá?
- Hvaða mynd af trúarskoðunum fornmannanna er dregin upp í kaflanum? Hvað finnst ykkur um þessar skoðanir?

ÓLAFUR KONUNGUR GAF ÞORSTEINI AUKNEFNI

En er morgnaði stóðu menn upp. Gekk konungur til kirkju og hlýddi á messu. Eftir það var gengið til borða. Konungur var ekki sérlega blíður.

Hann tók til orða: „Hefur nokkur maður farið einn saman í nótt til heimilishúss?“

Þorsteinn stóð þá upp og féll fram fyrir konung og sagðist hafa brotið gegn boði hans.

Konungur svarar: „Mér þykir það ekki svo alvarleg yfirsjón, en þú sýnir það sem talað er um ykkur Íslendinga að þið séuð mjög einrænir, en varðst þú var við nokkuð?“

Þorsteinn sagði þá alla sögu sem farið hafði.

Konungur spurði: „Hvers vegna baðstu hann að æpa?“

„Það vil ég segja þér, herra. Ég þóttist vita það, þar sem þú hafðir varað alla menn við að fara þangað einir saman, en skelmirinn kom upp, að við mundum ekki skilja án vandræða, en ég gerði ráð fyrir að þú mundir vakna, herra, er hann æpti og þóttist ég þá hólpinn ef þú yrðir var við.“

„Svo var og,“ sagði konungur, „að ég vaknaði við og svo vissi ég hvað fram fór og því lét ég hringja að ég vissi að ekkert annað mundi hjálpa þér. En hræddist þú ekki þegar þú tók að æpa?“

Þorsteinn svarar: „Ég veit ekki hvað það er, hræðslan, herra.“

„Var enginn ótti í brjósti þér?“ sagði konungur.

„Reyndar var það svo,“ sagði Þorsteinn, „að við síðasta ópið lá við að ég yrði hræddur.“

einrænir merkir sérvitrir, sérlundaðir

skelmir merkir þorpari, þrjótur

Konungur svarar: „Nú skal auka nafn þitt og kalla þig Þorstein skelk héðan af og er hér sverð að ég vil gefa þér að nafnfesti.“

Þorsteinn þakkaði honum.

Svo er sagt að Þorsteinn gerðist hirðmaður Ólafs konungs og var með honum síðan og féll á Orminum langa með öðrum köppum konungs.

UPPRIFJUN:

1. Upp kom að Þorsteinn Þorkelsson hafði brotið gegn boðum konungs. Hvaða reglu braut hann?
2. Hvað sagði Ólafur konungur þegar Þorsteinn viðurkenndi að hafa brotið reglurnar?
3. Ólafur konungur gaf Þorsteini nafn. Hvað hét hann eftir það? Hver var ástæðan fyrir nafngiftinni?

TIL UMRÆÐU:

- Í kaflanum kemur fram að Þorsteinn bjargar sér á hugvit-samlegan hátt frá óvæntri og óæskilegri heimsókn sem hann varð fyrir. Ræðið nú til hvaða ráðs hann greip til að losna og hver varð til að bjarga honum.
- Þorsteinn fékk viðurnefni eftir þetta ævintýri. Ræðið um slíkar nafngiftir. Þær voru algengar í fornsögum. Nefnið dæmi.
- Hvað var Ormurinn langi? Leitið upplýsinga.

nafnfesti er gjöf sem gefin var til að festa nafnið

3. ÞORSTEINS ÞÁTTUR SKELKS

ÓVENJULEGUR NÆTURGESTUR

Ólafur konungur var um sumar á ferð um Oslóarfjörðinn og víðar. Meðal annars gisti hann í bæ þeim sem heitir á Reimi. Með honum voru mjög margir menn. Þá var sá maður með konungi sem hét Þorsteinn Þorkelsson, íslenskur maður, og hafði komið til konungs um veturinn áður.

Um kvöldið er menn sátu yfir drykkjuborðum talaði Ólafur konungur um að enginn af hans mönnum skyldi fara einn í salerni um nóttina því að hver sem þess þyrfti ætti fá annan með sér, annars sagði hann að illa gæti farið. Drekka menn nú vel um kvöldið, en þegar drykkjuborð höfðu verið tekin niður fóru menn að sofa.

Og þegar leið á nóttina vaknaði Þorsteinn Íslendingur og þyrfti á salerni, en sá sem var næst honum svaf fast svo að Þorsteinn vildi ekki vekja hann. Stendur hann þá upp og kippir skóm á fætur sér og setur yfir sig þykkann feld og gengur til salernisins. Það var stórt hús svo að ellefu menn gátu setið hvorum megin. **Sest hann á ystu setu.** Og er hann hefur setið nokkra stund sér hann að þúki kemur upp á innstu setu og sat þar.

Þorsteinn mælti þá: „Hver er þar kominn?“

Þúkin svarar: „Hér er kominn Þorkell hinn þunni er féll með Haraldi konungi hilditönn.“

„Hvaðan kemur þú nú?“ sagði Þorsteinn.

Hann sagðist vera nýkominn úr helvíti.

„Hvað er að fréttu þaðan?“ spurði Þorsteinn.

Hinn svarar: „Um hvað viltu spyrja?“

Sest hann á ystu setu merkir að hann sest á fyrstu setuna þegar inn var komið

„Hverjir þola best **kvalir** í helvíti?“

„Enginn betur,“ sagði púki, „en Sigurður Fáfnisbani.“

„Hvers konar kvalir þarf hann að þola?“

„Hann kyndir brennandi ofn,“ sagði draugurinn.

„Ekki held ég að það séu svo miklar kvalir,“

segir Þorsteinn.

„Þú misskilur þetta,“ sagði púkinn, „því að hann er sjálfur eldsmaturinn sem kynt er með.“

„Það hlýtur þá að vera vont,“ sagði Þorsteinn, „eða hver þolir kvalirnar verst þar í helvíti?“

Draugurinn svarar: „Starkaður hinn gamli þolir verst því að hann æpir svo að okkur fjöndunum. Það er meiri þína en flest allt annað svo að við fáum aldrei frið fyrir ópum hans.“

„Hvaða kvalir hefur hann,“ sagði Þorsteinn, „sem hann þolir svo illa, svo hraustur maður sem hann hefur verið sagður?“

„Hann hefur ökklaeld.“

„Ekki þykir mér það svo mikið,“ sagði Þorsteinn, „fyrir slíkan kappa sem hann hefur verið.“


„Þú misskilur þetta,“ sagði draugurinn, „því að iljarnar einar standa upp úr eldinum.“

„Það hlýtur þá að vera vont,“ sagði Þorsteinn, „og æptu fyrir mig eitt óp hans.“

„Það skal ég gera,“ sagði púkinn.

Hann opnaði þá munninn og rak upp mikið gaul en Þorsteinn vafði feldinum um höfuð sér.

Honum brá mjög við óp þetta og mælti: „Er þetta mesta ópið sem hann rekur upp?“



„Það er langt frá því,“ sagði draugurinn, „því að þetta er óp okkar drýsildjöflanna.“

„Æptu þá eins og Starkaður gerir,“ sagði Þorsteinn.

„Það er vel hægt,“ sagði púkinn.

Tekur hann þá að æpa í annað sinn svo óskaplega að Þorsteini þótti ótrúlegt hversu mikið hann gat gaulað, svona lítill. Þorsteinn gerir þá eins og áður að hann vafði feldinum að höfði sér og brá honum þó svo við að hann féll í yfirlíð svo að hann vissi ekki af sér.

Þá spurði púkinn: „Af hverju þegir þú nú?“

Þorsteinn ansaði þegar hann jafnaði sig: „Ég þegi af því að ég undrast hversu ógurleg rödd þín er og ertu þó svona pínulítill, eða er þetta mesta óp Starkaðar?“

„Ekki er nærri því,“ segir púkinn. „Þetta er minnsta óp hans.“

„Dragðu ekki undan lengur,“ sagði Þorsteinn, „og láttu mig heyra mesta ópið.“

drýsildjöfull merkir smádjöfull, púki

Púkinn samþykkti það. Þorsteinn bjó sig undir það og braut feldinn saman og vafði honum utan um höfuðið á sér og hélt utan um hann með báðum höndum. Draugurinn hafði fært sig nær Þorsteini um þrjár setur við hvert ópið og voru nú þrjár setur á milli þeirra. Púkinn opnaði þá munninn og ranghvolfdi í sér augunum og tók að gaula svo hátt að Þorsteinn féll í yfirlið fram á gólflið og í því hringdi kirkjuklukkan á staðnum.

En púkanum brá svo við klukkuhljóðið að hann steyptist niður í gólflið og mátti lengi heyra hljóðið sem fylgdi því þegar hann steyptist niður í jörðina. Þorsteinn raknaði skjótt við og stóð upp og gekk til rúms síns og lagðist niður.

UPPRIFJUN:

1. Hver var Ólafur konungur sem frá segir í kaflanum?
2. Þorsteinn Þorkelsson fór einn út um nótt. Til hvers?
3. Þar sem Þorsteinn sat einn um nóttina fékk hann skyndilega félagsskap. Hver var þar á ferð og hver sagðist hann vera?
4. Hvernig losnaði Þorsteinn við gestinn?

TIL UMRÆÐU:

- Haraldur konungur hilditönn, Sigurður Fáfnisbani og Starkaður hinn gamli eru nefndir í kaflanum. Flettið þeim upp. Hvað er vitað um þá?
- Hvaða mynd af trúarskoðunum fornmanna er dregin upp í kaflanum? Hvað finnst ykkur um þessar skoðanir?

ÓLAFUR KONUNGUR GAF ÞORSTEINI AUKNEFNI

En morguninn eftir stóðu menn upp. Gekk konungur til kirkju og hlýddi á messu. Eftir það var gengið til borða. Konungur var ekki sérlega blíður.

Hann tók til orða: „Hefur nokkur maður farið einn á salerni í nótt?“

Þorsteinn stóð þá upp og féll fram fyrir konung og sagðist hafa brotið gegn boði hans.

Konungur svarar: „Mér þykir það ekki svo **alvarleg yfirsjón**, en varðst þú var við nokkuð?“

Þorsteinn sagði þá frá öllu sem hafði komið fyrir hann um nóttina.

Konungur spurði: „Hvers vegna baðstu þúkann að æpa?“

„Það var vegna þess, herra, að ég þóttist vita það, þar sem þú hafðir varað alla menn við að fara á salernið einir, en þúkinn kom upp, að ég væri í hættu, en ég gerði ráð fyrir að þú myndir vakna, herra, þegar hann æpti og þá mundi ég bjargast ef þú heyrðir til hans.“

„Það var líka þannig,“ sagði konungur, „að ég vaknaði við og svo vissi ég hvað fram fór og því lét ég hringja að ég vissi að ekkert annað mundi hjálpa þér. En varðst þú ekki hræddur þegar þúkinn tók að æpa?“

Þorsteinn svarar: „Ég veit ekki hvað hræðsla er, herra.“

„Var enginn ótti í brjósti þér?“ sagði konungur.

„Reyndar var það svo,“ sagði Þorsteinn, „að við síðasta ópið lá við að ég yrði hræddur.“

Konungur svarar: „Nú skal bæta við nafn þitt og kalla þig

Þorstein skelk héðan af og er hér sverð að ég vil gefa þér í tilefni af þessu nýja nafni.“

Þorsteinn þakkaði honum.

Svo er sagt að Þorsteinn gerðist hirðmaður Ólafs konungs og var með honum síðan og féll á Orminum langa með öðrum köppum konungs.

UPPRIFJUN:

1. Það kom í ljós að Þorsteinn Þorkelsson hafði brotið gegn boðum konungs. Hvaða reglu braut hann?
2. Hvað sagði Ólafur konungur þegar Þorsteinn viðurkenndi að hafa brotið reglurnar?
3. Ólafur konungur gaf Þorsteini nafn. Hvað hét hann eftir það?

TIL UMRÆÐU:

- Í kaflanum kemur fram að Þorsteinn bjargar sér á snjallan hátt frá óþægilegri heimsókn. Ræðið nú til hvaða ráðs hann greip til að losna og hver bjargaði honum.
- Þorsteinn fékk viðurnefni eftir þetta ævintýri. Ræðið um slíkar nafngiftir. Þær voru algengar í fornsögum. Nefnið dæmi.
- Hvað var Ormurinn langi? Leitið upplýsinga t.d. á netinu.

4. AUÐUNAR ÞÁTTUR VESTFIRSKA

AUÐUN KEYPTI BJARNDÝR

Aður hét Auðun, vestfirskur að kyni og félítill. Hann fór utan vestur þar í fjörðum með aðstoð Þorsteins, góðs bónda, og Þóris stýrimanns sem þar hafði þegið vist um veturinn með Þorsteini. Auðun var líka þar og starfaði fyrir Þóri og þáði þessi laun af honum, utanferðina og aðstoð hans og umönnun. Auðun lagði mestan hluta fjárins fyrir móður sína áður hann steig á skip og var það metið sem **þriggja vetra björg**.

Og nú fara þeir frá landi og gengur ferðin vel og var Auðun um veturinn eftir með Þóri stýrimanni. Hann átti bú á **Mæri**. Og um sumarið eftir fara þeir út til Grænlands og eru þar um veturinn. Þar gerist það að Auðun kaupir þar bjarndýr eitt, gersemi mikla, og gaf þar fyrir alla eigu sína.

Og nú um sumarið eftir fara þeir aftur til Noregs og fengu góðan **byr**. Hefur Auðun dýr sitt með sér og ætlar nú að fara suður til Danmerkur á fund Sveins konungs og gefa honum dýrið. Og þegar hann kom suður í landið þar sem Haraldur konungur var fyrir þá gengur hann upp af skipi og leiðir eftir sér dýrið og leigir sér herbergi.

Haraldi konungi var sagt brátt að þar var komið bjarndýr, gersemi mikil, og að íslenskur maður eigi það. Konungur sendir strax menn eftir honum.

Og þegar Auðun kom fyrir konung kveður hann konung vel.

Konungur tók vel kveðju hans og spurði síðan: „Áttu gersemi mikla í bjarndýri?“

þriggja vetra björg er fæði og húsnæði í þrjú ár

Mæri er fylki, landsvæði í Noregi

byr merkir vindur í seglin

Hann svarar og kveðst eiga dýrið.

Konungur mælti: „Viltu selja mér dýrið á sama verði sem þú keyptir?“

Hann svarar: „Ekki vil ég það, herra.“

„Viltu þá,“ segir konungur, „að ég greiði þér tvöfalt verð og mun það réttara ef þú hefur gefið fyrir það alla eigu þína?“

„Ekki vil ég það, herra,“ segir hann.

Konungur mælti: „Viltu þá gefa mér það?“

Hann svarar: „Ekki, herra.“

Konungur mælti: „Hvað viltu þá gera?“

Hann svarar: „Fara suður til Danmerkur og gefa Sveini konungi dýrið.“

Haraldur konungur segir: „Ert þú svo óvitur maður að þú hafir ekki heyrt ófrið þann sem er milli þessara landa eða heldur þú að gæfa þín sé svo mikil að þú munir komast með gersemar þá leið sem aðrir geta ekki komist klakklaust þó að nauðsyn beri til?“

Auðun svarar: „Herra, það er á þínu valdi, en engu játa ég öðru en þessu er ég hef áður ákveðið.“

Þá mælti konungur: „Hvers vegna ekki að leyfa það að þú farir leið þína eins og þú vilt og komdu þá til mín þegar þú kemur til baka og segðu mér hvernig Sveinn konungur launar þér dýrið. Og það getur verið að þú sért gæfumaður.“

„Því heiti ég þér,“ sagði Auðun.

Hann fer nú síðan suður með landi og austur í Vík og þaðan til Danmerkur og er þá eytt öllu því fé sem hann átti og verður hann þá að biðja um mat bæði fyrir sig og fyrir dýrið.

Hann kemur á fund **ármanns** Sveins konungs, þess er Áki hét, og bað hann um mat og húsaskjól bæði fyrir sig og fyrir dýrið.

Vík er Oslóarfjörðurinn í Noregi

ármaður er ráðsmaður á búi sem konungur á

„Ég ætla,“ segir hann, „að gefa Sveini konungi dýrið.“

Áki tók því vel að selja honum vistir ef hann vildi.

Auðun kveðst ekkert hafa til að borga með, „en ég vildi þó,“ segir hann, „að þetta kæmist til leiðar að ég mætti færa konungi dýrið.“

„Ég mun fá þér vistir eins og þið þurfið þar til þið hittið konung, en þar á móti vil ég eiga hálf t dýrið og máttu á það líta að dýrið mun deyja úr hungri þar sem þið þurfið miklar vistir en fé þitt er búið og verður dýrið þér þá að litlu gagni.“

Og er hann lítur á þetta sýnist honum það rétt sem ármaðurinn mælti og sættast þeir á þetta að hann selur Áka hálf t dýrið og skal konungur síðan meta allt saman. Skulu þeir nú fara báðir á fund konungs. Og svo gera þeir, fara nú báðir á fund konungs og stóðu fyrir framan hann.

Konungur íhugaði hver þessi maður mundi vera er hann þekkti ekki og mælti síðan til Auðunar: „Hver ertu?“ segir hann.

Hann svarar: „Ég er íslenskur maður, herra,“ segir hann, „og kominn nú utan af Grænlandi og nú af Noregi og ætlaði ég að færa þér bjarndýr þetta. Keypti ég það fyrir alla eigu mína og nú hefur þó svo illa farið fyrir mér að ég á nú aðeins hálf t dýrið“ og segir síðan konungi hversu farið hafði með þeim Áka ármanni hans.

Konungur mælti: „Er það satt, Áki, sem hann segir?“

„Satt er það,“ segir hann.

Konungur mælti: „Og þótti þér það rétt þar sem ég setti þig á valdastöðu að hefta það eða tálma þegar maður lagði það á sig að færa mér gersemi og gaf fyrir það alla eigu sína? Haraldur konungur tók það ráð að láta hann fara í friði og er hann þó óvinur okkar. Hugsaðu þá um hversu miklu frekar þú hefðir átt

að greiða för hans og það væri máttulegt að þú værir drepinn. En ég mun nú ekki gera það, en burtu skaltu fara nú þegar úr landinu og koma aldrei aftur síðan mér í auglýn. En þér Auðun skal ég launa eins og þú hafir gefið mér allt dýrið og vertu hér með mér.“

Það þáði hann og er með Sveini konungi um hríð.


UPPRIFJUN:

1. Auðun keypti mikinn dýrgrip í Grænlandi. Hvað var það?
2. Haraldur konungur vildi kaupa gripinn af Auðuni en fékk ekki. Hvers vegna?
3. Auðun fór til Danmerkur og hitti þar ármann Sveins konungs. Hver urðu samskipti þeirra?
4. Hvernig brást Sveinn konungur við þegar hann frétti af samskiptum Auðuns og ármannsins?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað finnst ykkur um þá ákvörðun Auðuns að neita að selja Haraldi konungi dýrið?
- Ræðið viðbrögð Sveins Danakonungs þegar hann tók á málum Auðuns og ármannsins. Finnst ykkur dómur hans sanngjarn?
- Hverjir voru Haraldur Noregskonungur og Sveinn Danakonungur? Leitið upplýsinga, t.d. á netinu.

AUÐUN FÓR TIL RÓMABORGAR

 g að nokkrum tíma liðnum þá mælti Auðun við konung:
„Burt langar mig nú, herra.“

Konungur svarar heldur seint: „Hvað viltu þá,“ segir hann,
„ef þú vilt ekki vera hér?“

Hann svarar: „Ég vil **ganga suður**.“

„Ef þú vildir ekki taka svo gott ráð,“ segir konungur,
„þá mundi mér mislíka það að þig langaði á brott.“

Og nú gaf konungur honum silfur mjög mikið og fór hann
suður síðan með **Rúmferlum** og skipaði konungur til um ferð
hans, það hann koma til sín þegar hann kæmi aftur.

Nú fór hann ferðar sinnar uns hann kemur suður í Rómaborg.
Og þegar hann hefur þar dvalist eins og hann langar til þá fer
hann til baka, verður þá mjög veikur. Verður hann þá ákaflega
magur. Eyðist þá upp allt féð það er konungur hafði gefið honum
til ferðarinnar, tekur hann síðan upp **stafkarls stíg** og biður sér
matar. Hann er þá hárlaus og leit heldur illa út. Hann kemur
aftur í Danmörk á páskum þangað sem konungur er þá staddur,
en ekki þorði hann að láta sjá sig og var í afhýsi við kirkjuna
og ætlaði þá til fundar við konung er hann gengi til kirkju um
kveldið. Og nú þegar hann sá konunginn og hirðina fagurlega
búna þá þorði hann ekki að láta sjá sig. Og þegar konungur gekk
til drykkju í höllina þá mataðist Auðun úti sem siður er til
Rúmferla meðan þeir hafa ekki lokið pílagrímsferðinni.

Og nú um kvöldið þegar konungur gekk til kvöldmessu ætlaði
Auðun að hitta hann. Og svo mjög sem honum þótti það áður

ganga suður merkir að fara í pílagrímsferð til Rómaborgar
Rúmferlar voru píligrímar (Rúm er hér önnur orðmynd fyrir Róm)
stafkarls stígur merkir betl, stafkarl er beiningamaður, betlari



Óþægilegt þá var það nú enn verra þar sem þeir voru drukkknir hirðmennirnir. Og er þeir gengu inn aftur þá þekkti konungur þennan mann og þóttist finna að hann hafði ekki kjark til að ganga fram að hitta hann.

Og er hirðin gekk inn þá gekk konungur út og mælti: „Gangi sá nú fram er vill finna mig. Grunar mig hver maðurinn muni vera.“

Þá gekk Auðun fram og féll til fóta konungi og varla þekkti konungur hann.

Og þegar er konungur veit hver hann er tók hann í hönd Auðuni og bað hann velkominn, „og hefur þú mikið breyst,“ segir hann, „síðan við sáumst,“ leiðir hann eftir sér inn.

Og er hirðin sá hann hlógu þeir að honum, en konungur sagði: „Ekki þurfið þið að hlæja að honum því að betur hefur hann séð fyrir sál sinni heldur en þið.“

Þá lét konungur gera honum laug og gaf honum síðan klæði, og er hann nú með honum.

UPPRIFJUN:

1. Auðun ræðir við konung um að hann vilji fara í ferðalag. Hvert vildi hann fara og hver var tilgangurinn með ferðinni?
2. Auðun lenti í alvarlegum vandræðum í ferðinni. Hvað kom fyrir?

TIL UMRÆÐU:

- „... því að betur hefur hann séð fyrir sál sinni heldur en þið,“ segir konungur við hirðmennina. Hvað á hann við?
- Hvað vitið þið um pílgrímsferðir? Hvað er pílgrímur? Eru pílgrímar til í dag?

SVEINN KONUNGUR LAUNAR FYRIR BJARNDÝRIÐ

Það er nú sagt einhverju sinni um vorið að konungur býður Auðuni að vera með sér framvegis og kveðst mundu gera hann skutilsvein sinn og fá honum virðingarstöðu.

Auðun segir: „Guð þakki þér, herra, sóma þann allan er þú vilt til mín leggja, en hitt er mér í skapi að fara út til Íslands.“

Konungur segir: „Þetta sýnist mér undarlega kosið.“

Auðun mælti: „Ekki má ég vita til þess, herra,“ segir hann, „að ég hafi hér mikinn sóma með þér en móðir mín troði stafkarls stíg úti á Íslandi, því að nú er lokið björg þeirri er ég lagði til áður en ég fór af Íslandi.“

Konungur svarar: „Vel er mælt,“ segir hann, „og mannlega og muntu verða gæfumaður. Þetta er eina ástæðan sem þú gast gefið upp fyrir því að fara héðan sem mér mislíkar ekki og vertu nú með mér þar til skip búast.“

Hann gerir svo.

Einn dag þegar leið á vorið gekk Sveinn konungur ofan á bryggjur og voru menn þá að búa skip til ýmissa landa, í Austurveg eða Saxland, til Svíþjóðar eða Noregs. Þá koma þeir Auðun að einu skipi fögru og voru menn að búa skipið til brottferðar.

Þá spurði konungur: „Hvernig líst þér, Auðun, á þetta skip?“

Hann svarar: „Vel, herra.“

Konungur mælti: „Þetta skip vil ég þér gefa og launa bjarndýrið.“

Hann þakkaði gjöfina eftir sinni kunnustu.

Og þegar skipið var albuíð þá mælti Sveinn konungur við Auðun: „Þú vilt nú á braut og mun ég nú ekki letja þig, en það hef ég heyrt að við land ykkar eru slæmar hafnir og hættulegt skipum.“

skutilsveinn merkti upphaflega borðsveinn en síðar titill æðstu hirðmanna (skutill er bakki eða lítið borð)

letja merkir að draga úr, ráðleggja einhverjum að hætta við eitthvað

Nú brýtur þú og týnir skipinu og fénu. Þá sést ekki að þú hafir fundið Svein konung og gefið honum gersemi.“ Síðan gaf konungur honum leðurhosu fulla af silfri, „og ertu þá enn ekki félaus með öllu þótt þú brjótir skipið ef þú færð haldið þessu. Verða má svo enn,“ segir konungur, „að þú týnir þessu fé. Lítið nýtur þú þá þess er þú fannst Svein konung og gafst honum gersemi.“ Síðan dró konungur hring af hendi sér og gaf Auðuni og mælti: „Þó að svo illa fari að þú brjótir skipið og týnir fénu, ekki ertu félaus ef þú kemst á land, því að margir menn hafa gull á sér í skipsbrotum, og sér þá að þú hefur fundið Svein konung ef þú heldur hringinum. En það vil ég ráðleggja þér,“ segir hann, „að þú gefir ekki hringinn nema þú þykist eiga mjög mikið gott að launa einhverjum göfugum manni, þá gefðu honum hringinn, því að **tignir** menn einir eiga að þiggja slíka gjöf. Og farðu nú heill.“

UPPRIFJUN:

1. Sveinn konungur bauð Auðuni virðingarstöðu við hirðina. Hverju svaraði hann og hver var rökstuðningurinn?
2. Hvernig brást konungur við þegar Auðun hafnaði stöðunni?
3. Sveinn konungur gaf Auðuni þrjár góðar gjafir þegar hann fór til Íslands. Hvað gaf hann honum?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað finnst ykkur um gjafir þær sem Auðun þáði af Sveini konungi? Er dýrið svona mikils virði?
- Sveinn konungur vill hafa Auðun hjá sér og fá honum völd innan hirðarinnar. Þegar Auðun afþakkar og gefur ástæðu fyrir því bregst Sveinn konungur vel við. Hvað segir þetta um konunginn?

AUÐUN HITTI HARALD KONUNG

Síðan lætur hann í haf og kemur í Noreg og lætur flytja upp varning sinn og þurfti nú meira að hafa fyrir því en í fyrra sinnið er hann var í Noregi. Hann fer nú síðan á fund Haralds konungs og vill efna það sem hann hét honum áður en hann fór til Danmerkur og heilsar konungi vel.

Haraldur konungur tók vel kveðju hans, „og sest niður,“ segir hann, „og drekk hér með okkur.“

Og svo gerir hann.

Þá spurði Haraldur konungur: „Með hverju launaði Sveinn konungur þér dýrið?“

Auðun svarar: „Því, herra, að hann þáði það af mér.“

Konungur sagði: „Launað mundi ég þér því hafa. Hverju launaði hann enn?“

Auðun svarar: „Gaf hann mér silfur til suðurgöngu.“

Þá segir Haraldur konungur: „Mörgum manni gefur Sveinn konungur silfur til suðurgöngu eða annarra hluta þótt ekki færi þeir honum gersemar. Hvað er enn fleira?“

„Hann bauð mér,“ segir Auðun, „að gerast skutilsveinn hans og bauð mér virðingarstöðu.“

„Vel var það mælt,“ segir konungur, „og launa mundi hann enn fleira.“

Auðun segir: „Hann gaf mér **knörr** með farmi þeim sem hingað er kominn til Noregs.“

„Það var stórmannlegt,“ segir konungur, „en launað mundi ég þér því hafa. Launaði hann því fleira?“

Auðun segir: „Hann gaf mér leðurhosu fulla af silfri og kvað mig þá ekki félausan ef ég héldi því þó að skip mitt bryti við Ísland.“



Konungur segir: „Það var ágætlega gert og það mundi ég ekki hafa gert. Laus mundi ég þykjast ef ég gæfi þér skipið. Launaði hann fleira?“

„Svo var víst, herra,“ segir Auðun, „að hann launaði. Hann gaf mér hring þennan er ég hef á hendi og sagði að svo gæti farið að ég týndi öllu fénu og sagði mig þá ekki félausan ef ég ætti hringinn og bað mig að láta hann ekki nema ég ætti einhverjum tignum manni svo gott að launa að ég vildi gefa honum

hringinn. En nú hef ég fundið þann mann, því að þú áttir kost á að taka hvort tveggja frá mér, dýrið og svo líf mitt, en þú lést mig fara þangað í friði sem aðrir fengu ekki.“

Konungur tók við gjöfinni með þökkum og gaf Auðuni í móti góðar gjafir áður en þeir skildust.

Auðun varði fénu til Íslandsferðar og fór út þegar um sumarið til Íslands og þótti vera hinn mesti gæfumaður.

Frá þessum manni, Auðuni, var kominn Þorsteinn Gyðuson.

UPPRIFJUN:

1. Hvernig brást Haraldur konungur við þegar hann heyrði hvernig Sveinn Danakonungur hafði launað bjarndýrið? Hvað sagði hann að hann hefði gert sjálfur?
2. Hvað gerði Auðun við gullhringinn sem Sveinn konungur gaf honum? Hvernig rökstuddi hann það þegar hann lét hringinn af hendi?

TIL UMRÆÐU:

- Dragið nú saman helstu niðurstöður af því sem sagan segir frá. Hvað er það sem einkennir Auðun vestfirska? Hvers vegna stendur hann uppi með pálmann í höndunum í sögulok? Hvað getum við lært af sögunni?
- Rifjið upp sögur sem þið hafið lesið um í öðrum Íslendinga-sögum um ferðir íslenskra manna til útlanda og samskipti þeirra við erlenda konunga.

4. AUÐUNAR ÞÁTTUR VESTFIRSKA

AUÐUN KEYPTI BJARNDÝR

Auðun hét fátækur maður, ættaður af Vestfjörðum. Hann vann ýmis verk fyrir stýrimann sem hét Þórir og í staðinn fékk hann að fara með honum til útlanda. Áður en hann fór lagði hann fyrir hluta af launum sínum fyrir gamla móður sína, það nægði fyrir mat og húsnæði fyrir hana í þrjú ár.

Og nú fara þeir frá landi og gengur ferðin vel og var Auðun um veturinn eftir með Þóri stýrimanni. Hann átti bú á Mæri í Noregi. Og um sumarið eftir fara þeir til Grænlands og eru þar um veturinn. Þar gerist það að Auðun kaupir þar bjarndýr eitt, **gersemi** mikla, og gaf þar fyrir allt sem hann átti.

Og um sumarið eftir fara þeir aftur til Noregs og gekk ferð þeirra vel. Auðun hefur dýr sitt með sér og ætlar að fara suður til Danmerkur á fund Sveins konungs og gefa honum dýrið. Og þegar hann kom til Noregs þar sem Haraldur konungur var fyrir þá fer hann í land. Hann leiðir eftir sér dýrið og leigir sér herbergi.

Haraldi konungi var sagt að þar var komið bjarndýr, gersemi mikil, og að íslenskur maður eigi það. Konungur sendir strax menn eftir honum.

Og þegar Auðun kom fyrir konung heilsar hann konungi kurteislega.

Mæri er fylki, landsvæði í Noregi

gersemi merkir dýrgripur, eitthvað mjög verðmætt

Konungur tók vel kveðju hans og spurði síðan:

„Áttu bjarndýr sem er mikil gersemi?“

Hann svarar og segist eiga dýrið.

Konungur mælti: „Viltu selja mér dýrið á sama verði sem þú keyptir?“

Hann svarar: „Ekki vil ég það, herra.“

„Viltu þá,“ segir konungur, „að ég greiði þér tvöfalt verð og mun það réttara ef þú hefur gefið fyrir það alla eigu þína?“

„Ekki vil ég það, herra,“ segir hann.

Konungur mælti: „Viltu þá gefa mér það?“

Hann svarar: „Ekki, herra.“

Konungur mælti: „Hvað viltu þá gera?“

Hann svarar: „Fara suður til Danmerkur og gefa Sveini konungi dýrið.“

Haraldur konungur segir: „Ert þú svo heimskur maður að þú hafir ekki heyrt að það er stríð á milli þessara landa? Heldur þú að þú getir farið með gersemar þá leið sem aðrir geta ekki komist **klakklaust** þó að nauðsyn beri til?“

Auðun svarar: „Herra, það er á þínu valdi, en engu játa ég öðru en þessu er ég hef áður ákveðið.“

Þá mælti konungur: „Hvers vegna ekki að leyfa það að þú farir leið þína eins og þú vilt og komdu þá til mín þegar þú kemur til baka og segðu mér hvernig Sveinn konungur launar þér dýrið. Og það getur verið að þú sért gæfumaður.“

„Því heiti ég þér,“ sagði Auðun.

Hann fer nú síðan suður með landi og austur í Óslóarfjörð og þaðan til Danmerkur og á hann þá engan pening eftir og verður hann þá að biðja um mat bæði fyrir sig og fyrir dýrið.

Hann hittir einn af mönnum Sveins konungs sem Áki hét og bað hann um mat og húsaskjól bæði fyrir sig og fyrir dýrið.

„Ég ætla,“ segir hann, „að gefa Sveini konungi dýrið.“

Áki tók því vel að selja honum mat ef hann vildi.

Auðun kveðst ekkert hafa til að borga með, „en ég vildi þó,“ segir hann, „að ég mætti færa konungi dýrið.“

Áki segir: „Ég mun láta þig hafa mat eins og þið þurfið þar til þið hittið konung en í staðinn vil ég eiga hálf dýrið. Ef þú samþykkir þetta ekki mun dýrið deyja úr hungri.“

Auðun sér að þetta muni vera rétt og semja þeir um það að Áki eignast hálf dýrið og á konungur þá að launa þeim báðum. Fara þeir nú báðir á fund konungs og stóðu fyrir framan hann.

Konungur þekkti ekki Auðun og mælti við hann: „Hver ertu?“ segir hann.

Hann svarar: „Ég er íslenskur maður, herra,“ segir hann, „og kominn nú utan af Grænlandi og nú frá Noregi og ætlaði ég að færa þér bjarndýr þetta. Keypti ég það fyrir allt sem ég átti og nú hefur þó svo illa farið fyrir mér að ég á nú aðeins hálf dýrið“ og segir síðan konungi hvernig farið hafði með þeim Áka.

Konungur mælti: „Er það satt, Áki, sem hann segir?“

„Satt er það,“ segir hann.

Konungur mælti: „Og þótti þér það rétt þar sem ég setti þig á valdastöðu að greiða ekki för manns sem lagði það á sig að færa mér gersemi og gaf fyrir það allt sem hann átti? Haraldur konungur tók það ráð að láta hann fara í friði og er hann þó óvinur okkar. Hugsaðu þá um hversu miklu frekar þú hefur átt að greiða för hans og það væri rétt að þú værir drepinn. En ég mun nú ekki gera það, en þú skalt fara burt úr landinu og koma aldrei aftur fyrir augu mín. En þér Auðun skal ég launa eins og þú hafir gefið mér allt dýrið og vertu hér með mér.“

Það þáði hann og er með Sveini konungi um hríð.

UPPRIFJUN:

1. Auðun keypti verðmætan grip í Grænlandi. Hvað var það?
2. Haraldur konungur vildi kaupa gripinn af Auðuni en fékk ekki. Hvers vegna?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað finnst ykkur um þá ákvörðun Auðuns að neita að selja Haraldi konungi dýrið?
- Ræðið viðbrögð Sveins Danakonungs þegar hann tók á málum Auðuns og Áka. Finnst ykkur dómur hans sanngjarn?

AUÐUN FÓR TIL RÓMABORGAR

Og að nokkrum tíma liðnum þá mælti Auðun við konung: „Nú langar mig til að fara héðan, herra.“

Konungur svarar: „Hvað viltu þá,“ segir hann, „ef þú vilt ekki vera hér?“

Hann svarar: „Ég vil fara í **pílagrímsför** til Rómaborgar.“ „Það er gott ráð,“ segir konungur.

Og nú gaf konungur honum silfur mjög mikið og fór hann suður með öðrum pílagrímunum og það konungur hann að koma til sín þegar hann kæmi aftur.

Nú fór hann ferðar sinnar þar til hann kemur suður í Rómaborg. Og þegar hann hefur þar dvalist eins og hann langar til þá fer hann til baka, verður þá mjög veikur. Verður hann þá ákaflega **magur**.

Eyðist þá upp allt féð það er konungur hafði gefið honum til ferðarinnar, verður hann þá að betla sér mat. Hárið var dottið af honum og hann leit heldur illa út. Hann kemur aftur til Danmerkur um páskana og þangað sem konungur var þá staddur, en ekki þorði hann að láta sjá sig og faldi sig í afhýsi við kirkjuna. Og nú þegar hann sá konunginn og hirðina fagurlega búna þá þorði hann ekki að láta sjá sig og hélt sig utandyra.

Og nú um kvöldið þegar konungur gekk til kvöldmessu ætlaði Auðun að hitta hann. Og svo mjög sem honum þótti það áður óþægilegt þá var það nú enn verra þar sem hirðmennirnir voru drukknir. Og er þeir gengu inn aftur þá þekkti konungur Auðun og áttaði sig á því að hann hafði ekki kjark til að ganga fram að hitta hann.

pílagrímar voru þeir sem gengu suður til Rómaborgar til að fá fyrirgefningu synda sinna hjá páfanum í Róm
magur merkir mjög grannur



Og er hirðin gekk inn þá gekk konungur út og mælti: „Gangi sá nú fram er vill finna mig. Grunar mig hver maðurinn muni vera.“

Þá gekk Auðun fram og féll til fóta konungi og varla þekkti konungur hann.

Og þegar konungur veit hver hann er tók hann í hönd Auðuni og bað hann velkominn, „og hefur þú mikið breyst,“ segir hann, „síðan við sáumst,“ leiðir hann eftir sér inn.

Og er hirðin sá hann hlógu þeir að honum, en konungur sagði: „Ekki þurfið þið að hlæja að honum því að betur hefur hann séð fyrir sál sinni heldur en þið.“

Þá lét konungur útbúa bað handa honum og gaf honum síðan klæði, og er hann nú með honum.

UPPRIFJUN:

1. Auðun ræðir við konung um að hann vilji fara í ferðalag. Hvert vildi hann fara og hver var tilgangurinn með ferðinni?
2. Auðun lenti í alvarlegum vandræðum í ferðinni. Hvað kom fyrir?

TIL UMRÆÐU:

- „... því að betur hefur hann séð fyrir sál sinni heldur en þið,“ segir konungur við hirðmennina. Hvað á hann við?
- Hvað vitið þið um pílgrímsferðir? Eru pílgrímar til í dag?

SVEINN KONUNGUR LAUNAR FYRIR BJARNDÝRIÐ

Um vorið býður konungur Auðuni að vera með sér framvegis og segist ætla að gera hann að yfirmanni við hirðina.

Auðun segir: „Guð þakki þér, herra, allt sem þú vilt gera fyrir mig en nú vil ég fara aftur til Íslands.“

Konungur segir: „Þetta þykir mér undarlegt val.“

Auðun mælti: „Ég get ekki hugsað mér, herra,“ segir hann, „að ég hafi það hér mjög gott hjá þér en móðir mín gangi um betlandi úti á Íslandi. Því nú eru búnir þeir peningar sem ég borgaði fyrir hana áður en ég fór af Íslandi.“

Konungur svarar: „Þetta er vel sagt,“ segir hann, „og muntu verða gæfumaður. Þetta er eina ástæðan sem þú gast gefið upp fyrir því að fara héðan sem mér mislíkar ekki. Vertu nú með mér þar til skip búast til ferðar.“

Hann gerir svo.

Einn dag þegar leið á vorið gekk Sveinn konungur ofan á bryggjur og voru menn þá að búa skip til ýmissa landa, í **Austurveg** eða **Saxland**, til Svíþjóðar eða Noregs. Þá koma þeir Auðun að einu skipi fögru og voru menn að búa skipið til brottferðar.

Þá spurði konungur: „Hvernig líst þér, Auðun, á þetta skip?“

Hann svarar: „Vel, herra.“

Konungur mælti: „Þetta skip vil ég þér gefa og launa bjarndýrið.“

Hann þakkaði gjöfina eins vel og hann kunni.

Og þegar skipið var ferðbúið þá mælti Sveinn konungur við Auðun: „Ég hef heyrt að við Ísland séu víða slæmar hafnir og þar sé hættulegt fyrir skip. Ef skip þitt strandar og eyðileggst þá sést ekki að þú hafir hitt Svein konung og gefið honum gersemi.“ Síðan gaf konungur honum leðurpoka fullan af silfri og sagði: „Þú átt þá eitthvað eftir þó að þú brjótir skipið ef þú heldur þessum poka.“

Konungur heldur áfram: „Svo getur farið,“ segir hann, „að þú týnir þessum poka. Þá sést ekki að þú hafir hitt Svein konung og gefið honum gersemi.“ Síðan dró konungur gullhring af hendi sér og gaf Auðuni og mælti: „Þó að svo illa fari að þú brjótir skipið og týnir silfrinu, þá ertu ekki allslaus ef þú kemst á land. Þá sést að þú hefur fundið Svein konung ef þú heldur hringnum. En það vil ég ráðleggja þér,“ segir hann, „að þú gefir ekki hringinn nema þú þykist eiga mjög mikið gott að launa einhverjum göfugum manni. Gefðu honum þá hringinn, því að aðeins menn af aðalsættum eiga að þiggja slíka gjöf. Og góða ferð.“

UPPRIFJUN:

1. Sveinn konungur bauð Auðuni virðingarstöðu við hirðina. Hverju svaraði hann og hver var rökstuðningurinn?
2. Hvernig brást konungur við þegar Auðun hafnaði stöðunni?
3. Sveinn konungur gaf Auðuni þrjár góðar gjafir þegar hann fór til Íslands. Hvað gaf hann honum?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað finnst ykkur um gjafir þær sem Auðun þáði af Sveini konungi? Er dýrið svona mikils virði?
- Sveinn konungur vill hafa Auðun hjá sér og fá honum völd innan hirðarinnar. Þegar Auðun afþakkar bregst Sveinn konungur vel við. Hvað segir þetta um konunginn?

AUÐUN HITTI HARALD KONUNG

Síðan lætur Auðun í haf og kemur í Noreg. Hann lætur flytja upp varning sinn og þurfti nú meira að hafa fyrir því en í fyrra sinnið er hann var í Noregi. Hann fer síðan á fund Haralds konungs og vill efna það sem hann lofaði honum áður en hann fór til Danmerkur. Hann heilsar konungi kurteislega.

Haraldur konungur tók vel kveðju hans, „og sestu niður,“ segir hann, „og drekktu hér með okkur.“

Og hann gerir það.

Þá spurði Haraldur konungur: „Með hverju launaði Sveinn konungur þér dýrið?“

Auðun svarar: „Herra, hann þáði það af mér.“

Konungur sagði: „Það hefði ég gert líka. Hvað fleira fékkstu í laun frá honum?“

Auðun svarar: „Hann gaf mér silfur til að fara til Rómar.“

Þá segir Haraldur konungur: „Mörgum manni gefur Sveinn konungur silfur til að fara til Rómar eða annarra hluta þótt ekki færi þeir honum gersemar. Hvað fékkst þú fleira?“

„Hann bauð mér,“ segir Auðun, „virðingarstöðu við hirðina.“

„Það var vel gert,“ segir konungur, „og hvað fékkstu fleira?“

Auðun segir: „Hann gaf mér **knörr** hlaðinn af varningi þeim sem er kominn hingað til Noregs.“

„Það var höfðinglega gert,“ segir konungur, „en ég hefði líka gert það. Hvað fékkstu fleira?“

knörr er skip, ætlað til úthafssiglinga



Auðun segir: „Hann gaf mér leðurpoka fullan af silfri og sagði að ég væri þá ekki peningalaus ef ég héldi því þó að ég bryti skipið við Ísland.“

Konungur segir: „Það var mjög vel gert og það mundi ég ekki hafa gert. Mér hefði fundist nóg að ég gæfi þér skipið. Fékkstu eitthvað fleira?“

„Vissulega, herra,“ segir Auðun. „Hann gaf mér þennan gullhring sem ég hef á hendinni. Hann sagði að svo gæti farið að ég týndi öllu silfrinu og þá væri ég ekki peningalaus ef ég ætti hringinn. Hann bað mig að láta hann ekki

nema ég ætti einhverjum aðalsmanni svo gott að launa að ég vildi gefa honum hringinn. En nú hef ég fundið þann mann, því að þú áttir kost á að taka hvort tveggja frá mér, dýrið og svo líf mitt. En þú lést mig fara þangað í friði sem aðrir fengu ekki.“

Konungur tók við gjöfinni með þökkum og gaf Auðuni í móti góðar gjafar áður en þeir skildust.

Auðun notaði peningana til Íslandsferðar og fór um sumarið til Íslands og þótti vera hinn mesti gæfumaður.

UPPRIFJUN:

1. Hvernig brást Haraldur konungur við þegar hann heyrði hvernig Sveinn Danakonungur hafði launað bjarndýrið? Hvað sagði hann að hann hefði gert sjálfur?
2. Hvað gerði Auðun við gullhringinn sem Sveinn konungur gaf honum? Hvernig rökstuddi hann það þegar hann lét hringinn af hendi?

TIL UMRÆÐU:

- Dragið nú saman helstu niðurstöður af því sem sagan segir frá. Hvað er það sem einkennir Auðun vestfirska? Hvers vegna stendur hann uppi með pálmann í höndunum í sögulok? Hvað getum við lært af sögunni?
- Rifjið upp sögur sem þið hafið lesið um í öðrum Íslendingasögum um ferðir íslenskra manna til útlanda og samskipti þeirra við erlenda konunga.

5. SÖRLA ÞÁTTUR

Það er sagt að Guðmundur hinn ríki skaraði mjög fram úr öðrum mönnum um rausn sína. Hann hafði hundrað hjóna og hundrað kúa. Það var einnig síður hans að láta löngum vera hjá sér syni göfugra manna. Þeir skyldu ekkert eiga að vinna annað en að vera alltaf í félagsskap með honum. En það var þó venjan þegar þeir voru heima að þeir unnu þó að þeir væru af göfgum ættum. Þá bjó Einar að Þverá í Eyjafirði en Guðmundur hinn ríki á Möðruvöllum bróðir hans.

Það er sagt að eitt sumar fór af þingi með Guðmundi Sörli sonur Brodd-Helga, hinn vænlegasti maður, og var með honum í góðu yfirlæti. Þá var heima þar með Guðmundi Þórdís dóttir hans er þá þótti vera hinn besti kostur og var það mál manna að tal þeirra Sörla bæri oft saman. Það frétti Guðmundur og sagðist hann halda að ekki þyrfti að gera orð á því. En þegar hann fann að þetta ágerðist sagði hann þó aldrei eitt misjafnt orð við Sörla en lét fylgja Þórdísi ofan til Þverár til Einars.

Þá gerðist það að Sörli vandi komur sínar þangað.

Og einn dag er Þórdís gekk út til lérefta sinna var sólskin og sunnanvindur og veður gott. Þá sér hún að maður reið í garðinn, mikill.

Hún mælti er hún þekkti manninn: „Nú er mikið um sólskin og sunnanvind og ríður Sörli í garð.“

Þetta bar saman.

Liðu nú svo stundir og fór svo fram til þings um sumarið. Ætlaði Sörli þá aftur austur til frænda sinna.

hjón merkir vinnufólk, konur og karlar

garður merkir hér býli, bóndabær



Og á þinginu gekk hann einn dag til Einars Þveræings og það hann að tala við sig og sagði svo: „Ég vildi hafa liðsinni þitt til að vekja bónorð við Guðmund bróður þinn til Þórdísar dóttur hans.“

„Ég mun það gera,“ kvað Einar, „en oft virðir Guðmundur annarra manna orð ekki minna en mín.“

Síðan gekk hann til búðar Guðmundar. Hittust þeir bræður og settust á tal.

Þá mælti Einar: „Hvernig líst þér á Sörla?“

Hann mælti: „Vel, því að slíkir menn eru **vel mannaðir** að öllu leyti.“

Einar mælti: „Að hvaða leyti þá? Ekki skortir að hann er af góðri ætt og á auð fjár.“

„Satt er það,“ sagði Guðmundur.

Einar mælti: „Ég vil þá koma til þín því sem Sörli lagði fyrir mig en það er að biðja Þórdísar dóttur þinnar.“

Guðmundur svarar: „Ég held að það sé að mörgu leyti vel til fallið, en þó vegna umtals annarra manna mun ekki verða af því.“

Síðan hitti Einar Sörla og sagði honum að þetta horfði illa og það með hver ástæðan var.

En hann svarar: „Heldur þykir mér þetta líta illa út.“

Síðan mælti Einar við Sörla: „Nú mun ég gefa þér ráð. Maður heitir Þórarinn tóki Nefjólfsson, vitur maður. Hann er mikill vinur Guðmundar. Farðu á fund hans og biddu hann að leggja á ráðin með þér.“

Svo gerði Sörli.

Kom hann nú norður á fund Þórarins, það hann síðan að tala við sig og mælti: „Sá hlutur er sem mér þykir miklu máli skipta að þú vildir taka að þér, að fara til Guðmundar Eyjólfssonar og biðja Þórdísar dóttur hans mér til handa.“

Hann svarar: „Hvers vegna biður þú mig um þetta?“

Hann segir honum þá hvernig komið er að menn hafa til orðið að tala um samband þeirra sem varð til þess að málinu var hafnað.

Þórarinn mælti: „Nú legg ég til að þú farir heim en ég mun forvitnast og senda þér orð ef eitthvað gengur, því að ég sé að þér þykir þetta miklu varða.“

Hann lét sér það vel líka. Síðan skildu þeir.

Fór Þórarinn á fund Guðmundar og fékk hann þar góðar viðtökur. Síðan gengu þeir á tal.

Þá mælti Þórarinn: „Er það rétt sem ég hef heyrt að Sörli Brodd-Helgason hafi beðið Þórdísar dóttur þinnar?“

„Satt er það,“ segir Guðmundur.

Þórarinn mælti: „Hverju svaraðir þú?“

„Ekki leist mér á það,“ sagði hann.

„Hvað kom til þess? Hefur hann ekki ættina til eða er hann ekki svo vel mannaður sem þú vilt?“

Guðmundur mælti: „Ekki skortir hann þá hluti og gengur það meir til að ég vil ekki gefa honum Þórdísi vegna þess umtals sem gengið hefur um samband þeirra.“

Þórarinn mælti: „Ekki mun það vera ástæðan. Annað ber til að þú vilt ekki að hann fái Þórdísi og veit ég hvað það er þótt þú látir sem þetta sé ástæðan.“

Guðmundur mælti: „Ekki er það satt.“

Þórarinn mælti: „Ekki muntu mega leynast fyrir mér og veit ég hvað í býr skapinu.“

Guðmundur mælti: „Vandast nú málið fyrir mér ef þú veist þetta betur en ég.“

Þórarinn mælti: „Þú ræður þínum hugrenningum.“

Guðmundur mælti: „Forvitni er mér að vita hvað þú heldur að búi mér í skapi.“

Þórarinn mælti: „Ólíklegt var að þú mundir hlífa mér við að segja hugsun þína.“

Guðmundur mælti: „Þar er nú komið að ég held að ég vilji það.“

Þórarinn mælti: „Svo skal og vera. Þú vilt ekki gefa Sörla Þórdísi af því að þú vilt sjá um það almennings vegna að út af þér, sem nú ert valdamestur í landinu, komi ekki dóttursonur sem verði enn voldugri. Þú óttast að landsbyggðin beri ekki ríkidæmi þess manns hér á landi sem kominn er af svo göfugum mönnum.“

Guðmundur mælti og brosti: „Ættum við nú ekki að hætta að vera að gera þetta að ágreiningsefni?“

Síðan voru Sörla orð send. Kom hann til mála þessara og gekk að eiga Þórdísi. Þau áttu tvo syni, Einar og Brodda, og voru báðir ágætir menn. Þarna kemur fram að Guðmundi þótti lofið gott en hinn fór viturlega að og giskaði rétt á um skap mannsins.

UPPRIFJUN:

1. Hvar bjó Guðmundur ríki? Finnið staðinn á korti.
2. Hver var bróðir Guðmundar sem nefndur er í sögunni og hvar bjó hann?
3. Hvað var það sem Sörli Brodd-Helgason gerði á Möðruvöllum sem ekki þótti rétt?
4. Hverju svaraði Guðmundur þegar boð komu frá Sörla um að hann vildi giftast dóttur hans? Hvaða ástæðu gaf hann upp þegar hann svaraði?
5. Hver var það sem gekk í málið og kom því til leiðar að Sörli fékk Þórdísar? Hvaða leið fór hann til að ná málinu fram?

TIL UMRÆÐU:

- Í kaflanum kemur fram hvernig giftingar fóru fram til forna. Hvað réði því hver giftist hverjum? Hvað finnst ykkur um það fyrirkomulag sem þá ríkti?
- Þórarinn tóki Nefjólfsson ræddi við Guðmund og fékk hann til að skipta um skoðun hvað varðaði giftingu Þórdísar dóttur hans. Hvað segir þessi saga um Guðmund ríka?

6. GULL-ÁSU-ÞÓRÐAR ÞÁTTUR

ÞÓRÐUR KYNNIST ÁSU

Um daga þeirra Eysteins konungs kom utan af Íslandi sá maður er Þórður er nefndur, austfirskur að kyni og félítill, hinn gjörvilegasti maður og fróður og orti vel.

Og er hann kom í kaupstaðinn átti hann þar í fá hús að vanda, kom um kvöld eitt að heimili konu þeirrar er Ása hét. Hún var ættstór kona og auðug, mjög skyld þeim Bjarkeyingum, Víðkunni Jóanssyni. Hún tók við Þórði fyrst um stuttan tíma. Skemmti hann vel og var henni mjög að skapi. Og verður dvöl hans lengri en áætlað var og er hann þar um veturinn og í því meira uppáhaldi hjá húsfreyju sem hann var lengur og er talað um það að þau tali mikið saman en Ása var þá ekki ung kona.

Og er vor kemur segir hún Þórði að henni hafi vel líkað við hann: „Mun ég nú fá þér fé,“ segir hún, „til Englandsferðar og skulum við eiga það bæði saman.“

Svo gerir hann og tókst ferðin vel. Kom hann heim að hausti og er með Ásu um veturinn. Þetta heldur áfram nokkur sumur og ganga mál hans mjög vel og fer hann kaupferðir jafnan og gerist þroski hans því meiri sem hann dvelur þar lengur og heldur áfram ferðum þessum og er nú kallaður Ásu-Þórður. Frændum hennar þótti óvirðing í þessu og var illa við Þórð. Hann var fríður maður og glæsilegur á velli og er það altalað að vinskapur sé með þeim Þórði og Ásu. Hann græðir mikið fé og er vinsæll.



Og nú einu sinni kemur maður að máli við Þórð og segir honum að Víðkunnur Jóansson var væntanlegur þangað, „og vildi ég,“ segir sá, „að þú ortir um hann kvæði ef þú ert tilbúinn til þess og kæmist svo í vináttu við hann því að ég veit að hann er þér nokkuð óvinveittur. Hann er einn af þeim valdamestu af frændum Ásu og væri gott ef þú kæmist í vinfengi við hann.“

Þórður svarar: „Hafðu þökk fyrir þína tillögu og ég mun reyna að yrkja kvæðið.“

Skiljast þeir og yrkir Þórður kvæðið. Og þegar að því kemur að von var á Víðkunni þá kom hann með hóp manna og sat þar að drykkju.

Og einhvern dag kom Þórður þar og heilsaði Víðkenni en hann svarar þurrlega. Og síðan byrjar Þórður að flytja kvæðið og kveður og er hljótt meðan.

Og þegar kvæðinu var lokið mæltist það vel fyrir og þótti Víðkenni vel ort og mælti: „Nú hefur breyst afstaða mín til þín, Þórður, og mun ég nú láta það í ljósi,“ tekur gullhring og gefur Þórði.

En Þórður segist ekki þurfa féð og kvaðst heldur vilja vináttu hans að kvæðislaunum og því heitir Víðkunnur honum og skiljast þeir nú vinir.

UPPRIFJUN:

1. Hvaðan af landinu var Þórður?
2. Hvers konar ferð fór Þórður til Englands?
Hvert var erindið?
3. Hvað fannst frændum Ásu um samband hennar við Þórð?
4. Hvað varð til þess að álit þeirra breyttist?

TIL UMRÆÐU:

- Þórður yrkir kvæði og við það breytist staða hans. Ræðið um skáldin til forna. Hvert var raunverulegt hlutverk þeirra?
- Hér er nefndur Eysteinn konungur. Kannist þið við þetta nafn (sjá Ívars þátt Ingimundarsonar).
- Konur voru ekki alltaf áberandi í sögum frá þessum tíma. Hver var staða Ásu? Hvert finnst ykkur hennar hlutverk vera í sögunni?

ÞÓRÐUR LENDIR Í ÁTÖKUM

Í þá ástundir og eitt haust þegar Þórður kom vestan af Englandi lagði hann skipi sínu upp í ána Nið og ýtti í burtu því skipi sem áður lá þar sem Þórður var vanur að hafa sitt skip.

Þá var Eysteinn konungur í bænum og margt stórmenni. Þar voru Sigurður Hranason og Víðkunnur Jóansson og Ingimar af Aski. Hann var hinn ríkasti maður og mikill skapofsamaður. Hann átti skipið sem Þórður hafði ýtt í burtu og ræddu menn um það við Þórð að honum mundi hefnast fyrir að hann hafði ýtt skipi Ingimars í burtu en Þórður hlustaði ekki á það. Og nú er þeir Þórður báru varninginn úr skipinu þá finnur hann ekki tjald sem þar átti að vera, gengur síðan á skip Ingimars og finnur þar svein einn sem breitt hafði undir sig tjaldið. Þórður tekur sveininn höndum og rekur hann heim á undan sér í garðinn og lætur þar gæta hans, flytur síðan heim allt fé sitt.

Og er Ingimar fréttir þetta þá verður hann mjög reiður, gengur þegar með nokkra menn að garði Þórðar og biður leysa manninn þegar í stað. Þórður svaraði, sagði að sér fyndist það ekki varlegt að láta ódæmdan þjóf ganga um bæinn. Ingimar svaraði, kvaðst halda að hann mundi ekki dæma menn hans til dauða og sagðist mundu koma öðru sinni og ná þá manninum og Þórður skyldi aldrei hafa farið verri för, sagðist ekki mega heita **lendir maður** ef hann hefði ekki við stafkarli einum íslenskum. Þá kvað Þórður vísu þar sem fram kemur að hinn ógurlegi harðstjóri sé að ógna honum, en þar sem stolið hafi verið af honum tjaldinu muni hann ekki láta þjófinn lausan, þrátt fyrir hótanir Ingimars.

Nið hét áin sem Niðarós er kenndur við

lendir maður er maður sem hefur fengið land að léni hjá konungi, þ.e. var eins konar héraðshöfðingi í umboði konungs

Ingimar gengur í brott og er mjög reiður.

Og þegar hann var farinn biður Ása Þórð að senda eftir Víðkunni, taldi að annað væri ekki ráðlegt. Víðkunnur fær skilaboðin og brást hann við skjótt og kemur von bráðar með mikla sveit manna. Og litlu síðar heyra þeir mikinn hávaða og kemur þar Ingimar með mjög marga menn og biður láta manninn lausan, annars muni hann ráðast á þá.

Víðkunnur hafði þá svör fyrir þeim og taldi það réttast að þetta mál kæmi í dóm lögmannna, „og hefur Þórður gert það sem hann átti að gera því að annars væri hann sekur og munum við nú bíða lögmannsúrskurðar.“

Ingimar sagði: „Það er mikið mál ef við þurfum að fást við þig, Víðkunnur. Mér finnst það við hæfi að við reynum með okkur, lendir menn, og er það miklu nær lagi en að við Þórður berðumst“ og snýr á brott.

Víðkunnur mælti til sinna manna: „Farið nú og hittið Sigurð Hranason og biðjið hann að koma hér og ef hann færist undan þá minnið hann á það hver dugði honum best þegar Finnar tóku bú hans.“

Nú fara þeir, koma og segja Sigurði orðsendingu Víðkunns.

Sigurður sagði: „Ég held að það hæfi vel að þeir Ingimar reyni með sér því að þar þykist hvor öðrum meiri.“

Sendimenn minnast orða Víðkunns og endurtaka þau.

Þá segir Sigurður: „Það var satt að enginn reyndist mér þá betur en Víðkunnur og stöndum upp og förum.“

Komu þeir síðan á staðinn. Og brátt verða þeir varir við það að fjöldi manna er kominn á strætinn og var þar Ingimar með flokki en lið Víðkunns hafði dreifst hér og hvar um bæinn.

Og er Ingimar kom á staðinn mælti hann: „Nú munum við sækja manninn, Víðkunnur, ef hann verður ekki látinn laus.“

Þá svaraði Sigurður: „Förum rólega, Ingimar, og sýnum sanngirni, því að menn munu vilja að þú komir heiðarlega fram þótt þú sért kappi mikill.“

Ingimar svaraði: „Mikið þykir nú við þurfa ef þið eruð tveir á móti mér og báðir lendir menn og enn mun ég koma í þriðja sinn og það vildi ég að þið næðuð ekki manninum af mér.“

Gengur hann síðan á brott og dregur að sér lið sem mest hann má og fær mikið fjölmenni.

UPPRIFJUN:

1. Þegar Þórður kom frá Englandi hafði skipi verið lagt í lægið þar sem hann var vanur að hafa skip sitt. Hver átti skipið sem var þar fyrir og hvernig brást hann við?
2. Þórður tók mann og setti hann í varðhald. Hvað hafði hann gert af sér?
3. Tveir höfðingjar lögðu Þórði lið í þessum átökum. Hvað hétu þeir?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað segir kaflinn okkur um vináttutengslin til forna? Hvers vegna var svona mikilvægt að eiga góða vini?
- Víðkunnur segir: „... hefur Þórður gert það sem hann átti að gera því að annars væri hann sekur.“ Hvað á hann við? Hvernig gat Þórður orðið sekur?

EYSTEINN KONUNGUR BLANDAR SÉR Í DEILUNA

En þá sendir Sigurður menn til Eysteins konungs og biður hann að koma og taldi að annars mundu verða af mikil vandræði, „og ef konungur er tregur til að fara, segið honum að ég held að ég hafi verið einn af þeim síðustu sem skildu við föður hans vestur á Írlandi.“

Sendimenn koma á konungs fund og segja honum orð Sigurðar.

Konungur svaraði: „Það þykir mér ekki vera of mikið fyrir tvo lenda menn að eiga við Ingimar og get ég ekki séð að ég þurfi að koma þar til. Allir þykjast þeir miklir fyrir sér.“

Þá mæltu sendimenn: „Herra, hverjir fylgdu best föður þínum vestur á Írlandi undir það síðasta?“

Konungur svaraði: „Sigurður og Víðkunnur og þykir þeim mikilvægt að ég komi og svo skal vera.“

Fer konungur fjölmennur á staðinn og því næst kemur þar Ingimar og hefur örhóf manna og lét í það skína að þeim mundi saman lenda ef þeir létu ekki manninn lausan.

Konungur svaraði: „Ekki er það við hæfi, Ingimar, að gera hér svo mikið hervirki í bænum um svo lítinn hlut og vondan mann og munum við ekki gefast upp fyrir þér.“

Ingimar mælti: „Nú gerist málið erfitt er konungur sjálfur er til kominn og munum við þá verða að snúa frá að sinni.“

Konungur biður taka þjófinn og leiða á þingið og var svo gert og var bundið tjaldið á bak honum sem síður er til. Síðan var hann dæmdur og hengdur úti á Eyrum.

Þá mælti konungur: „Hvernig heldur þú, Ingimar, að þjófurinn muni hafa það í öðrum heimi?“

„Gott,“ segir Ingimar.



„Nei,“ segir konungur, „beint helvíti.“

Ingimar svarar: „Ekki mun það, en mislagðar eru þér hendur, dregur fram hluta **mörlandans** en þorir ekki að hefna föður þíns sem drepinn var á Írlandi eins og hundur á beinum og hann hygg ég heldur muni hafa helvíti.“

mörlandi er Íslendingur (niðrandi orð)

Sprettur hann síðan upp og snýr þegar til skips síns og fór austur í Vík og drap þar konungs mann, fór eftir það úr landi og suður til Danmerkur. Eysteinn konungur **tálmar ekki för hans**, hlustar ekki á dónaleg ummæli hans, lét þá enn ráða góðmennsku sína og vit eins og hann var vanur.

En Þórður bjó áfram með Ásu og þótti mikilmenni í marga staði og var maður vinsæll og skorti þau Ásu ekki auð.

Og lýkur hér þessari frásögn.

UPPRIFJUN:

1. Hvernig brást Ingimar við þegar hann sá að konungur var genginn í lið með Þórði?
2. Hver urðu endalok þjófsins?
3. Ingimar kom fram hefndum við konung. Hvernig fór hann að því?

TIL UMRÆÐU:

- Undir lok kaflans kemur fram heldur ósmekklegr umræða um þjófinn og vist hans í öðrum heimi. Ræðið þetta. Hverju trúðu fornmenn um annað líf? Teljið þið að enn eimi eftir af þessari trú?
- Ræðið hefndarskylduna. Hún gengur eins og rauður þráður gegnum allar fornbókmenntir okkar. Rifjið upp það sem þið hafið lesið í öðrum fornsögum um hefnd og hefndarskyldu.

tálmar ekki för hans merkir hér að Ingimar var ekki stoppaður, það var ekki komið í veg fyrir að hann gæti farið

7. GEIRMUNDAR ÞÁTTUR HELJARSKINNNS

GEIRMUNDUR OG HÁMUNDUR HELJARSKINN

Geirmundur heljarskinn var sonur Hjörs konungs Hálfssonar, er Hálfrekkar eru við kenndir, Hjörleifssonar konungs. Annar sonur Hjörs konungs var Hámundur, sem einnig var kallaður heljarskinn. Þeir voru tvíburar.


En þessi frásögn er um það hvers vegna þeir voru kallaðir heljarskinn. Það var í þann tíma er Hjörr konungur skyldi sækja konungastefnu að drottning gekk með barni og varð hún léttari meðan konungur var erlendis og fæddi hún tvo sveina. Þeir voru báðir ákaflega miklir vöxtum og báðir furðulega ljótir, en þó réð það mestu um ófríðleika þeirra á að sjá að enginn maður þóttist séð hafa dekkra skinn en var á þessum sveinum. Drottning var ekki sérlega hrifin af sveinunum og sýndist henni þeir óástúðlegir. Loðhöttur hét þræll sá er þar var yfir öðrum þrælum. Þessi þræll var kvongaður og ól kona hans son um leið og drottning varð léttari. Og þessi sveinn var svo undarlega fagur er þrælskonan átti að drottning þóttist ekki sjá lýti á sveininum og sýndist henni nú þessi sveinn ástúðlegri en sínir sveinar. Síðan ræðir drottning við **ambáttina** um að kaupa sveinana. En ambáttinni sýndist svo sem drottningu að henni þótti sinn sonur tígulegri en þorði þó ekki að neita að skipta við drottningu. Og tekur drottning við ambáttarsyninum og lætur gefa honum nafn og kallar sveininn Leif og segir drottning þennan svein sinn son. En ambáttin tekur við þeim drottningarsonum og alast þeir upp í hálmi eins og önnur þrælabörn þar til þeir voru þriggja vetra.

lýti merkir galli, eitthvað ljótt

ambátt merkir ófrjáls kona, kvenþræll

En Leifur leikur á lófum og hefur hvers manns virðingu sem von var að konungsbarn mundi hafa.

En þegar sveinarnir eldast allir jafnt þá verður Leifur veiklundaðri en þeir Hámundur og Geirmundur harðna því meir sem þeir eru eldri og var það í samræmi við ætterni þeirra.



UPPRIFJUN:

1. Hver var faðir þeirra Geirmundar og Hámundar?
2. Hver var Leifur Loðhattarson?
3. Drottningin, móðir Geirmundar og Hámundar, gaf synina frá sér þegar þeir fæddust. Hvað varð til þess?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað segir kaflinn okkur um stöðu þeirra sem kallaðir voru þrælar?
- Fram kemur í kaflanum að konungssynirnir hafi orðið harðari og árásargjarnari með aldrinum og því hafi verið öfugt farið hjá þrælssyninum. Ræðið þetta. Er trúlegt að þessir eiginleikar liggi í genunum, ef svo má að orði komast?

leikur á lófum merkir borinn á höndum

FRÁ HJÖRSSONUM OG BRAGA SKÁLDI

Þess er getið eitt sinn að Bragi skáld sótti heimboð til Hjörs konungs og var hann með konungi nokkra hríð.

Og einhvern dag er það sagt að konungur fór með hirð sína á dýraveiðar og varð mannfátt heima eftir í höllinni. Bragi skáld var heima og sat í sæti sínu og hafði **reysprotu** einn í hendi sér og leikur að og tautaði við sjálfan sig í feld sinn. Drottning lá í **lokrekku** utar í höllinni og var hulin klæðum, svo að ekki var hægt að sjá hvort hún var þar nema þeir er það vissu áður. Leifur sat í hásæti og lék sér að gulli, en þeir Hámundur og Geirmundur sátu í hálmi og horfðu á þar sem Leifur lék sér að gullinu. Þeir sáu ekki til annarra manna í höllinni.

Þá mælti Geirmundur við bróður sinn: „Viltu að við förum til Leifs og tökum af honum gullið og leikum okkur að því um stund?“

„Reiðubúinn er ég til þess,“ segir Hámundur.

Síðan hlupu sveinarnir innar að hásætinu og tóku gullið af Leifi, en hann brast í grát og æpti eftir gullinu.

Þeir mæltu: „**Heyr á endemi**,“ sögðu þeir, „hvað konungs-sonurinn æpir eftir einum gullhring. Og er það ljóst að það fer illa sem þú átt að gæta.“

Þrifa nú sveinarnir til Leifs og ráku hann úr hásætinu og hlæja að. Þá stendur Bragi skáld upp og gengur að þar sem drottning lá í pallinum og styður á hana reysprotanum og kvað vísu þessa:

reysproti er stafur úr reyri

lokrekka var afþiljað eða aflokað rúm

heyr á endemi merkir þetta er fáránlegt

*Tveir eru inni,
trúi ég báðum vel,
Hámundur og Geirmundur,
Hjörvi bornir,
en Leifur þriði
Loðhattarson,
fátt þrýðir þann,
fár mun enn verri.*

UPPRIFJUN:

1. Bragi skáld var Boddason. Leitið upplýsinga um hann.
2. Bragi skáld orti vísu og fór með fyrir drottninguna. Um hvað var vísan?

TIL UMRÆÐU:

- Í kaflanum kemur enn fram ákveðin afstaða til konungborins fólks annars vegar og þrælsættarinnar hins vegar. Hvað finnst ykkur um þessa mynd sem þarna er dregin upp?
- Skoðið nú vísuna sem Bragi skáld orti. Þetta form á vísu er kallað fornyrðislag. Skoðið formið á vísunni. Hvar er rímið? Hvar eru ljóðstafirir? Gætuð þið ef til vill búið til vísu undir svipuðu formi?

Hjörvi bornir, þ.e. synir Hjörs
fár mun enn verri merkir fáir eru verri en hann

AF HERNADI ÞEIRRA BRÆÐRA

Drottning stendur nú upp og gengur á brott með sveinana og skiptir nú við ambáttina í annað sinn. Sýnist drottningu nú sem er að þeir voru efnilegir, sem líkindi eru á og þeir áttu kyn til.

Og um kvöldið þegar konungur kom heim og hafði sest í hásæti sitt þá gengur drottning fyrir konunginn og leiðir sveinana með sér og segir konungi allt eins og var og að hún hafi skipt við ambáttina og biður konung að reiðast ekki.

Konungur leit á sveinana og mælti síðan; „Vissulega sé ég að þessir sveinar eru minnar ættar, en þó hef ég ekki séð slík heljarskinn fyrr sem sveinar þessir eru.“

Og af því voru þeir báðir kallaðir heljarskinn upp frá því.

Og þegar þeir voru fullorðnir fóru þeir úr landi að herja og öfluðu brátt bæði fjár og frægðar og stýrðu lengi miklum skipastóli, að því er segir í sumum frásögum. Það kemur einnig fram í seinni hluta af sögu Hróks hins svarta, því að þeir bræður voru þar kallaðir mestir hermenn af sækonungum í þann tíma.

Og það var eitt sumar er þeir héldu í **vesturvíking** að þeir fengu miklu meira herfang en önnur sumar. En áður en þeir komu heim skiptu þeir herfangi sínu um sumarið. Þá hlaut annar þeirra tuttugu pund silfurs en hinn tvö pund gulls. Og á þessu sama sumri rufu þeir hernaðinn og leystu hvern sinna manna út með miklu fé. Þeir bræður urðu samferða á tveimur skipum til Noregs.

Þá réð fyrir Noregi Haraldur konungur hinn hárfagri og ætluðu þeir bræður að hafa þar friðland og skildu þar samflot

í **vesturvíking** merkir að herja í vestur frá Noregi, til Englands og Írlands og þar um slóðir

sitt og félag. Og þegar konungur frétti það þá líkar honum ekki þarvist þeirra og grunar að þeir muni ætla að rísa gegn sér.

Og það vilja sumir menn segja að Geirmundur færi út af yfirgangi Haralds konungs til Íslands. En ég hef það heyrt að í þann tíma er þeir bræður komu úr vesturvíking væri mikið um það talað að engin frægðarför þætti meiri en að fara til Íslands. Og þess vegna vildi Geirmundur sigla burt þegar um sumarið er þeir komu til Noregs, því að þá var liðið á sumar. En Hámundur vildi það ekki og fer til móts við Helga hinn magra og fóru þeir saman út til Íslands.

UPPRIFJUN:

1. Hvað varð til þess að Geirmundur og Hámundur fengu viðurnefnið heljarskinn? Hvað þýðir þetta orð?
2. Hver var Haraldur hárfagri? Leitið upplýsinga um hann.
3. Hvað segir kaflinn okkur um það hvenær þessi saga gerist?

TIL UMRÆÐU:

- Geirmundur og Hámundur héldu í vesturvíking, segir í kaflanum, og efnuðust mjög vel. Hvernig öfluðu þeir þessara tekna?
- Ræðið um víkingatímamann. Hvað er víkingur (hvaðan er nafnið komið), hvaða tímabil er kallað víkingaöldin og hvað ein-kenndi þennan tíma og þá menn sem nefndir voru víkingar?




LANDNÁM GEIRMUNDAR OG BÚRAUSN

En Geirmundur fór þá þegar út og kom í Breiðafjörð og var í Búðardal hinn fyrsta vetur er hann var á Íslandi. En um vorið nam hann land frá Búðardalsá og til Fábeinsár og setti þar bústað sinn, sem nú heitir á Geirmundarstöðum.

Geirmundur bóndi var stórmenni mikið og hélt aldrei færri menn en áttatíu vopnaða karlmenn með sér á Geirmundarstöðum. Hann átti fjögur bú önnur. Var eitt bú hans í Aðalvík í Ísafirði, annað í Kjaransvík. Þar var fyrir Kjaran, þræll Geirmundar, og hafði Kjaran tólf þræla undir sér. Hið þriðja bú átti Geirmundur í Almennungum hinum vestari. Það varðveitti Björn, þræll hans. Björn varð síðan sekur um sauðaþjófnað og urðu Almennungar **sektarfé** hans. Hið fjórða bú Geirmundar varðveitti Atli, þræll hans, og hafði hann einnig tólf þræla undir sér eins og Kjaran. Og þjónuðu öll þessi bú þeim tilgangi að halda uppi þeim kostnaði sem hann sjálfur hafði á Geirmundarstöðum.

út merkir til Íslands

sektarfé merkir skaðabætur, hann lét landið af hendi til að greiða sektina



UPPRIFJUN:

1. Hvar settist Geirmundur að á Íslandi? Skoðið landakort. Hvar eru Geirmundarstaðir?
2. Geirmundur átti fjögur bú sem hann lét þræla sína annast um. Hvar voru þau?
3. Hvað skyldi hafa verið margt í heimili hjá Geirmundi á Geirmundarstöðum?

TIL UMRÆÐU:

- Ræðið landnám Íslands. Samkvæmt sögum var Ísland óbyggt fram til ársins 874. Ýmislegt bendir þó til að hér hafi menn verið sestir að fyrir þann tíma. Hvaðan koma slíkar vísbendingar?
- Teljið nú saman hve marga menn Geirmundur hefur á sínum snærum. Þetta fólk hefur væntanlega komið með honum frá Noregi. Auk þess varð hann að hafa með sér alls kyns farangur. Hve mörg skip skyldi hann hafa þurft til að flytja allt þetta fólk og varninginn?

AF ATLA, ÞRÆLI GEIRMUNDAR

Geir hét maður ríkur og ágætur í Sogni. Hann var blótmaður mikill og var af því kallaður Végeir. Hann átti sjö börn eða fleiri. Vébjörn hét sonur hans og Végestur, Vémundur og Vésteinn, Véleifur og Véþorn, en Védís dóttir.

En er Végeir andaðist þá tók Vébjörn við búinu. Hann hélt verndarhendi yfir óvinum Hákonar Grjótgarðssonar og fóru þau systkinin þess vegna öll til Íslands. Þau velktust lengi úti á hafinu um sumarið og tóku að lokum land um haustið í Hlöðuvík fyrir vestan Horn. Þá blótaði Vébjörn, en bræður hans hvöttu hann til að fara á brott svo að hann sinnti ekki blótinu, og létu þau í haf og brutu skipið hinn sama dag undir háum hömrum í miklu illviðri og komust þar upp er nú heitir síðan Sygnakleif.

Þá tók við öllum þeim skipverjum um veturinn Atli, þræll Geirmundar heljarskinns. Atli var erfiður í umgengni og **hamrammur** mjög.

En þegar Geirmundur frétti þetta þá spurði hann þrælinn: „Hvað kom þér til að gera þetta þegar þú tókst við Vébirni og förunautum hans?“

Þrælinn svarar: „Það gerði ég vegna þess að ég vildi á þann hátt sýna hversu mikið göfugmenni og stórmenni sá maður var sem þann þræl átti er slíkt þorði að takast á hendur.“

Geirmundur bað þrælinn að hafa þökk fyrir sín úrræði og gaf honum fyrir þetta frelsi og land til að reisa bú.

Mörgum mönnum gaf Geirmundur stórar eignir bæði í löndum og lausum eyri. Hann gaf Hrólfi Kjallakssyni bústað

blótmaður mikill er sá sem blótar goðin oft og af trúmennsku
hamrammur var notað um menn sem urðu ofursterkir í orrustum

að Ballará. Hann var vinur Geirmundar og var mikil ætt komin frá honum. Hans sonur var Illugi hinn rauði og Sölvi, faðir Þórðar, föður Magnúss, föður Sölva, föður Páls prests.

UPPRIFJUN:

1. Geir, síðar Végeir, var frá Sogni í Noregi. Hvar er það? Leitið á korti.
2. Sagan gefur til kynna að Vébirni og bræðrum hans hafi orðið á mistök. Hver voru þau?
3. Hvaða skýringu gaf Atli, þræll Geirmundar, á því að hann tók við fjölda manns í fæði og húsnæði heilan vetur án þess að spyrja húsbóndann leyfis?

TIL UMRÆÐU:

- Hvers vegna skyldi Geirmundi hafa líkað svona vel við svar þrælsins og skýringu hans á því að hann tók við öllu fólkinu í leyfisleysi?
- Hvaða tilgangi þjónar síðasta efnisgreininin í kaflanum þar sem raktar eru ættir frá Hrólfi Kjallakssyni? Ræðið það.

FRÁ LJÓSINU Í HVAMMINUM

Geirmundur bjó á Geirmundarstöðum til æviloka. Í landi Geirmundar var einn **hvammur** sem hann sagðist vilja losna við úr landinu, ef hann mætti ráða, og mest fyrir það „að það er einn staður í hvamminum að ævinlega þegar ég lít þangað þá skín þaðan ljós svo sterkt í augu mér að mér líkar það ekki. Og það ljós er ávallt yfir reynilundi þeim er þar vex einn undir brekkunni.“

Og það fylgdi að ef búfé hans var nokkru sinni stutt í hvamminum þá lét hann eyðileggja **nyt** undan því á þeim degi.

Og eitt sinn er frá því sagt að **búsmali** hans hafði þar komið niður um nótt. Og þegar smalamaður reis upp og sá féð í hvamminum þá varð hann ákaflega hræddur og hleypur eins og hann getur og eltir féð úr hvamminum og rífur úr reynirunninum vönd einn og keyrir féð með og rekur það heim til Geirmundarstaða. En Geirmundur var kominn á fætur um morguninn og sér hvar smalamaðurinn eltir féð ofan úr hvamminum. Og líkar honum þetta ekki, þegar hann sér að féð hefur verið þar, og fer á móti smalamanninum. Sér hann þá að hann hefur reynivöndinn í hendi og rekur féð með honum. Og hér verður hann svo illur út af þessu hvoru tveggja að hann hleypur að smalamanninum og hýðir hann ákaflega og biður hann aldrei gera það oftari að berja fé hans með þeim viði sem vex þar í hvamminum, en þó einna síst úr reynirunninum. En Geirmundur gat auðveldlega þekkt viðinn á því að

hvammur er laut eða hvilft inn í brekku eða hlíð, venjulega vaxin grasi
nyt er það sem fékkst úr ánum (og kúm og geitum); hér mun einkum átt við sauðamjólk og það sem var unnið úr henni
búsmali merkir kvikfé, kindur, kýr, geitur og fleiri dýr

Það var eini reyniviðurinn sem óx í landareign hans. Það er á þeim sama stað sem nú stendur kirkja að Skarði, að því er við höfum heyrt sannfróða menn segja frá. Geirmundur lét taka vöndinn og brenna í eldi, en búfé sitt lét hann reka í haga og eyðileggja nyt undan því á þeim degi.

UPPRIFJUN:

1. Hvaða blettur var það í landareign Geirmundar sem hann vildi helst losna við?
2. Hvaða hús átti eftir að rísa á þeim stað?
3. Geirmundur reiddist mjög við þræl sinn, þann sem gætti fjárins. Hvað var það einkum sem fór í skapið á Geirmundi?

TIL UMRÆÐU:

- Geirmundur lét eyðileggja nytina úr fé (hér er átt við bæði kindur, geitur og kýr) ef það gekk á ákveðnum stað í landareigninni. Hvað liggur hér að baki? Hvers vegna tekur hann þessa ákvörðun?
- Hverrar trúar var Geirmundur? Ræðið um heiðna trú. Hvað vitið þið um þau trúarbrögð? Hvenær var sú trú lögð af og hvað kom í staðinn?

8. HALLDÓRS ÞÁTTUR SNORRASONAR

HALLDÓR Í SVEIT HARALDS KONUNGS

Halldór Snorrason var úti í Miklagarði með Haraldi konungi Sigurðarsyni og kom í Noreg með honum austan úr Garðaríki. Hafði hann þá mikla sæmd og virðing af Haraldi konungi. Var hann með konungi þennan vetur er hann sat í Kaupangi.

En er leið á veturinn og vora tók bjuggu menn verslunarferðir sínar snemma, því að nálega hafði enginn eða lítill skipagangur verið af Noregi vegna ófriðar þess sem verið hafði milli Noregs og Danmerkur. En er leið á vorið fann Haraldur konungur að Halldór Snorrason ógladdist mjög. Konungur spurði dag einn hvað honum bjó í skapi.

Halldór svarar: „Mig langar út til Íslands, herra.“

Konungur mælti: „Hefur þú fé og búnað til fararinnar?“

Hann svarar: „Fljótsagt er það, því að ég á ekkert nema fötin sem ég stend í.“

„Lítið er þá launuð löng þjónusta og margur háski og skal ég fá þér skip og áhöfnina. Skal faðir þinn fá að sjá að þú hefur ekki þjónað til einskis.“

Halldór þakkaði konungi gjöfina. Fáum dögum síðar fann Halldór konung og spurði konungur hvort hann hefði ráðið sér skipverja.

Hann svarar: „Allir eru nú búnir að fá skipprúm og ég fæ enga menn og þess vegna sýnist mér að skipið sem þú gafst mér verði hér eftir.“

Mikligarður var þar sem nú heitir Ístanbúl (hefur líka heitið Konstantínópel)

Garðaríki var hluti af því sem nú heitir Rússland

Kaupangur var bærinn í Niðarósi í Noregi

Konungur mælti: „Ekki er þá góð gjöfin og skulum við enn bíða og sjá hvað úr rætist um háseta.“

Annan dag eftir var blásið til móts í bænum og sagt að konungur vildi tala við bæjarmenn og kaupmenn. Konungur kom seint til mótsins og sýndist með áhyggjusvip þegar hann kom.

Hann mælti: „Það heyrum við sagt að ófriður muni kominn í ríki okkar austur í Vík. Ræður Sveinn Danakonungur fyrir Danaher og vill vinna okkur skaða, en við viljum með engu móti láta af hendi lönd okkar. Þess vegna legg ég bann á öll skip að þau fari úr landi fyrir en ég hef tekið það sem ég vil af hverju skipi, bæði af mönnum og vistum, nema einn **knörr** ekki stór sem Halldór Snorrason á, hann skal fara til Íslands. En þótt ykkur, sem áður hafið búið ferðir ykkar, þyki þetta nokkuð strangt þá ber nauðsyn til að setja þessar reglur, en betra þætti mér að sitja um kyrrt og að hver gæti farið hvert sem hann vildi.“

Eftir það sleit konungur mótinu. Litlu síðar kom Halldór á konungs fund. Konungur spurði hvað þá liði um búnaðinn, hvort hann fengi nokkra háseta.

Halldór svarar: „Helst til marga hef ég nú ráðið, því að miklu fleiri koma nú til mín og biðja um skiprúm en ég get tekið við, og slíkur er ákafinn að menn brjótast jafnvel inn til mín og hvorki nótt né dag hef ég frið fyrir ágangi manna út af þessu.“

Konungur mælti: „Haltu nú þessum hásetum sem þú hefur tekið og sjáum hvað gerist.“

Næsta dag var blásið og sagt að konungur vildi enn tala við kaupmenn. Nú var ekki sein aðkoma konungs til mótsins því að hann kom snemma. Var hann þá blíðlegur í yfirbragði.

Hann stóð upp og mælti: „Nú eru góð tíðindi að segja. Það er ekki nema uppspuni og lygi sem þið heyrðuð sagt um ófriðinn í gær. Vil ég nú leyfa hverju skipi að fara úr landi þangað sem hver vill sigla sínu skipi. Komið aftur að hausti og færið mér gersemar. En þið skuluð í staðinn njóta vináttu minnar.“

Allir kaupmenn sem þar voru urðu þessu fegnir og báðu hann tala konunga heilastan.

Fór Halldór til Íslands um sumarið og var þann vetur með föður sínum. Hann fór utan sumarið eftir og þá enn til hirðar Haralds konungs og er svo sagt að Halldór var þá ekki eins tryggur konungi og áður og sat hann eftir á kvöldin þegar konungur fór að sofa.

UPPRIFJUN:

1. Hvers vegna gekk Halldóri Snorrasyni svo illa að fá menn til fylgdar þegar hann hugðist sigla til Íslands?
2. Hvað gerði Haraldur konungur til að hjálpa honum?

TIL UMRÆÐU:

- Norrænir menn sem voru málaliðar, þ.e. atvinnuhermenn, austur í Garðaríki voru kallaðir Væringjar. Finnið á neti upplýsingar um Væringja og ræðið. Reynið að finna sögur um fleiri Íslendinga sem fóru í hernað til Garðaríkis.
- Haraldur konungur grípur til nokkuð óvenjulegs ráðs til að hjálpa Halldóri vini sínum. Finnst ykkur þetta heiðarlega gert af þjóðhöfðingjanum?
- Konungurinn sem nefndur er í kaflanum hét Haraldur Sigurðarson og var kallaður hinn harðráði. Leitið upplýsinga um hann.



ÓSÆTTI MILLI HARALDS KONUNGS OG HALLDÓRS

Maður hét Þórir Englandsfari og hafði verið hinn mesti kaupmaður og lengi í siglingum til ýmissa landa og fært konungi gersemar. Þórir var hirðmaður Haralds konungs og þá mjög gamall.

Þórir kom að máli við konung og mælti: „Ég er gamall maður eins og þú veist og þreytist ég mjög. Þykist ég nú ekki til fær um að fylgja hirðsiðum, að **drekka minni** eða um aðra hluti þá sem til heyra. Mun ég nú verða að fara annað þótt þetta sé best og blíðast að vera með þér.“

Konungur svarar: „Auðvelt er að leysa þetta, vinur. Vertu með hirðinni og hafðu mitt leyfi til að drekka ekki meira en þú vilt.“

Bárður hét maður frá Upplöndum, góður drengur og ekki gamall. Hann var með Haraldi konungi í miklum kærleikum. Voru þeir sessunautar, Bárður, Þórir og Halldór.

drekka minni merkir svipað og það sem í dag er kallað að skála fyrir einhverju – hver og einn varð að drekka sinn skammt sem gat verið nokkuð stór. Það þótti ókurteisi og brot á hirðsiðum að svíkjast um að drekka þegar mælt var fyrir minni einhvers

Og eitt kvöld þegar konungur gekk þar fram hjá er þeir sátu og drukku, þá lagði Halldór hornið frá sér. Það var dýrshorn mikið og gegnsætt. Sást greinilega að hann hafði drukkið vel til háls við Þóri en honum gekk seint að drekka.

Þá mælti konungur: „Ekki átti ég von á þessu frá þér, Halldór,“ segir hann. „Þú níðist á gamalmenninu við drykkju og hleypur á eftir gleðikonum á síðkvöldum en fylgir ekki konungi þínum.“

Halldór svarar engu en Bárður fann að honum mislíkaði umræða konungs. Fór Bárður þegar um morguninn snemma á fund konungs.

„Þú ert nú snemma á fótum, Bárður,“ segir konungur.

„Ég er nú kominn,“ segir Bárður, „að ávita þig, herra. Þú sýndir Halldóri vini þínum mikla ósannngirni í gærkvöld þegar þú ásakaðir hann um að hann svikist um að drekka sinn hlut, því að það var horn Þóris og hafði hann drukkið úr því fyrir hann, en Þórir hefði skilað því ef Halldór hefði ekki drukkið fyrir hann. Það er einnig hin mesta lygi sem þú sagðir að hann væri að hitta gleðikonur, en kjósa mundu menn að hann fylgdi þér betur.“

Konungur svarar og sagði að þeir Halldór mundu semja þetta mál með sér þegar þeir fyndust.

Hittir Bárður Halldór og segir honum góð orð konungs til hans og bað hann að taka ekki nærri sér þessi orð sem konungur hafði kastað fram og talar Bárður á milli þeirra sem best hann getur.

Líður fram að jólum og er samkomulag þeirra Halldórs og

víti sögð upp merkir að tilkynnt var um þá sem höfðu komið of seint til borðs. Refsing fyrir slíkt brot fólst gjarnan í því að menn áttu þá að drekka meira en aðrir, þ.e. drekka af vítishorni

konungs heldur stirt. Og er að jólum kemur þá eru **víti upp sögð**, sem þar er tíska til. Og einn morgun jólanna er breytt hringingum. Gáfu þjónustusveinar konungs hringjurum fé til að hringja miklu fyrr en vant var og varð Halldór **víttur** og fjöldi annarra manna og urðu þeir að sitja á hallargólfinu um daginn og skyldu drekka vítin. Halldór situr í rúmi sínu og færa þeir honum samt vítið en hann sagðist ekki mundu drekka það. Þeir segja þá konungi.

„Það mun ekki satt,“ segir konungur, „og mun hann taka við vítinu ef ég færi honum það,“ tekur síðan vítishornið og gengur að Halldóri.

Hann stendur upp í móti honum. Konungur biður hann að drekka vítið.

Halldór svarar: „Mér þykir það marklaust víti þó að þú beitir brögðum við hringingarnar til þess eins að gera mönnum víti.“

Konungur svarar: „Þú verður að drekka vítið eins og aðrir menn.“

„Vera má það, konungur,“ segir Halldór, „að þú komir því til leiðar að ég drekki vítið. En það get ég þó sagt þér að ekki mundi **Sigurður sýr** hafa neytt Snorra goða til að drekka víti,“ og vill seilast til hornsins, sem hann gerir og drekkur af en konungur reiðist mjög og gengur til sætis síns.

Og er kemur hinn **áttundi dagur jóla** var mönnum gefinn **máli**. Það var kallað Haraldsslátta. Var meiri hlutur kopars, í besta falli var helmingur silfur. Og er Halldór tók málann hefur hann silfrið í skikkjulafi sínu og lítur á það og sýnist ekki

víttur merkir að hann fékk sekt og var refsað

Sigurður sýr var faðir Haralds konungs. Hann var konungur í Upplöndum í Noregi.

Snorri goði var faðir Halldórs. Orðið sýr merkir gylta

áttundi dagur jóla var nýársdagur

máli var kaup hermanna

skírt málasilfrið, slær annarri hendi neðan undir og fer það allt niður í **hálminn**.

Bárður mælti, sagði hann fara illa með málann: „Mun konungi þykja þetta móðgun við sig og telja að þér hafi fundist málinn lélegur.“

„Ekki þarf að hugsa um það,“ segir Halldór, „það skiptir litlu úr því sem komið er.“

UPPRIFJUN:

1. Hvers vegna vildi Þórir Englandsfari fara á brott frá hirðinni?
2. Hvernig tók konungur á því máli?
3. Upp kom deila vegna drykkjusiða sem konungi fannst Halldór ekki fylgja rétt og sanngjarnlega. Um hvað ásaði hann Halldór?
4. Bárður vinur Halldórs benti konungi svo á staðreyndir málsins. Hverjar voru þær?
5. Halldór var víttur fyrir brot á hirðsiðum. Hvernig stóð á því?
6. Hermönnum var greiddur máli á áttunda degi jóla. Hvað gerði Halldór við málann?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað finnst ykkur um drykkjusiði þá sem tíðkuðust við hirð Haralds konungs?
- Hvað segir kaflinn okkur um skaplyndi Halldórs Snorrasonar?
- Snorri goði var faðir Halldórs. Hvaða maður var þetta? Leitið upplýsinga.

hálmur var breiddur á gólf húsa. Þeir sem lægst voru settir fengu ekki sæti á bekkjum og urðu því að sitja í hálmi á gólfinu

HALLDÓR FÉKK SKIP TIL UMRÁÐA

Nú er frá því sagt að þeir búa skip sín eftir jólin. Ætlar konungur suður fyrir land.

Og er konungur var tilbúinn þá bjó Halldór sig ekki til ferðar og mælti Bárður: „Hvers vegna ert þú ekki búinn til ferðar, Halldór?“

„Ég vil það ekki,“ segir hann, „og ætla ekki að fara. Sé ég nú að konungi líkar ekki við mig.“

Bárður segir: „Hann mun þó áreiðanlega vilja að þú farir.“

Fer Bárður síðan og hittir konung, segir honum að Halldór er ekki ferðbúinn: „Þú mátt gera ráð fyrir að erfitt verði að skipa stafninn í hans stað.“

Konungur mælti: „Segðu honum að ég vilji að hann fylgi mér. Óvinátta sú sem verið hefur með okkur undanfarið er ekki alvarleg.“

Bárður hittir Halldór og segir að konungur vilji alls ekki vera án hans, og það ræðst úr að Halldór fer og halda þeir konungur suður með landi.

Og einhverja nótt er þeir sigldu þá mælti Halldór til þess er stýrði: „Beygðu,“ segir hann.

Konungur mælti til stýrimanns: „Haltu þínu striki,“ segir hann.

Halldór mælti öðru sinni: „Beygðu.“

Konungur segir enn á sömu leið.

Halldór mælti: „Beint stefnir þú á skerið.“

Og það varð. Því næst brotnaði botninn undan skipinu og varð að flytja þá til lands með öðrum skipum, og síðan var sett upp landtjald og gert við skipið.

Bárður vaknar við það að Halldór er að ferðbúast. Bárður spyr hvað hann ætlist fyrir.

En Halldór kvaðst ætla á flutningaskip er lá skammt frá þeim, „og getur verið að nú liggi leiðir okkar í sundur og er þetta fullreynt. Og ekki vil ég að konungur spilli oftár skipum sínum eða öðrum gersemum mér til svívirðingar eða til að niðurlægja mig.“

„Bíddu enn,“ segir Bárður, „ég vil enn hitta konung.“

Og er hann kemur mælti konungur: „Snemma ertu á fótum, Bárður.“

„Nú er þörf á því, herra. Halldór er á förum og þykir þú hafa komið óvingjarnlega fram við sig og er ekki auðvelt að halda ykkur sáttum. Ætlar hann nú í burtu og ráðast til skips og fara út til Íslands í reiði og væri ómaklegt að skilnaður ykkar yrði þannig. Og það hygg ég að varla fáir þú þér annan mann jafntraustan honum.“

Konungur sagði að þeir mundu enn sættast og sagði að sér mundi ekki mislíka þetta.

Bárður hittir Halldór og segir honum vingjarnleg orð konungs.

Halldór svarar: „Til hvers á ég að þjóna honum lengur? Það verður því aðeins að ég fái mála minn ósvikinn.“

Bárður mælti: „Ekki tala um það. Þú getur vel sætt þig við það sem **lendra manna synir** fá og ekki fórstu kurteislega að þegar þú slóst silfrinu niður í hálm og ónýttir það. Og þú getur verið viss um að konungi þótti það svívirðileg framkoma við sig.“

Halldór svarar: „Ekki finnst mér að þjónusta mín við konung hafi verið í samræmi við þennan mála sem ég fékk.“

„Satt mun það vera,“ segir Bárður. „Bíddu, enn vil ég hitta konung.“ Og svo gerði hann.

lendra manna synir eru synir manna sem höfðu fengið land að léni hjá konungi, þ.e. voru eins konar héraðshöfðingjar í umboði konungs



Og er Bárður hitti konung mælti hann: „Fáðu Halldóri mála sinn ósvikinn, því að hann hefur unnið til þess.“

Konungur svarar: „Finnst þér ekki nokkuð djarft að krefjast handa Halldóri annars mála en lendra manna synir taka þegar haft er í huga hvernig hann fór með málann síðast?“

Bárður svarar: „Á hitt er að líta, herra, sem er miklu meira vert, drengskap hans og vináttu ykkar sem lengi hefur verið góð og þar með stórmennsku þína. Og þú þekkir skaplyndi Halldórs og þú ættir að gera honum sóma.“

Konungur mælti: „Fáið honum silfrið.“

Var nú svo gert.

Kemur Bárður til Halldórs og færir honum **tólf aura brennda** og mælti: „Sérð þú ekki að þú getur fengið það sem þú biður um af konungi og hann vill að þú hafir það sem þú þykist þurfa?“

tólf aurar brenndir voru tólf aurar silfurs (eyrir silfurs var 26-27 grömm af silfri, brennt silfur var verðmætara en óbrennt)

Halldór svarar: „Ekki skal ég þó oftara vera á konungsskipinu og ef hann vill hafa mitt föruneysi áfram þá vil ég hafa skip til stjórnar og eignast það.“

Bárður svarar: „Það er ekki við hæfi að lendir menn láti skip sín fyrir þér og ertu of heimtufrekur.“

Halldór sagðist þá ekki mundu fara.

Bárður segir konungi hvað Halldór biður um, „og ef hásetar þess skips eru jafntraustir sem stýrimaður þá mun ganga vel.“

Konungur mælti: „Þótt Halldór fari hér fram á nokkuð mikið þá skal ég þó bregðast við því.“

Sveinn úr Lyrgju, lendur maður, stýrði skipi. Konungur lét kalla hann á tal við sig.

„Svo er mál með vexti,“ segir konungur, „eins og þú veist að þú ert maður stóráættaður. Þess vegna vil ég að þú sért á mínu skipi en ég mun þar fá annan mann til skipstjórnar. Þú ert maður vitur og vil ég einkum hafa þig til að ráðgast við.“

Hann segir: „Meir hefur þú haft aðra menn við ráðagerðir þínar hingað til og til þess er ég lítt fær, eða hverjum er þá skipið ætlað?“

„Halldór Snorrason skal fá það,“ segir konungur.

Sveinn segir: „Ekki kom mér það í hug að þú myndir velja íslenskan mann til þess en taka mig frá skipstjórn.“

Konungur mælti: „Hans ætt er ekki verri á Íslandi en þín hér í Noregi og ekki er langt um liðið síðan þeir voru norrænir er nú byggja Ísland.“

Nú fer það fram sem konungur vill að Halldór tekur við skipinu og fóru þeir síðan austur til Oslóar, **tóku þar veislur.**

tóku þar veislur merkir að konungur fór um landið og lét veita sér og mönnum sínum mat og húsaskjól um tiltekinn tíma (yfirleitt ekki lengur en þrjá daga)

UPPRIFJUN:

1. Halldór og Haraldur konungur deildu um stjórn skipsins sem þeir voru á. Hvernig lauk því?
2. Halldór ákvað enn og aftur að yfirgefa Harald konung. Hver var ástæðan?
3. Hvaða skilyrði setti Halldór fyrir því að hann yrði áfram með konungi?
4. Hvernig leysti konungur það mál?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað veldur, að ykkar mati, stöðugum árekstrum milli Halldórs Snorrasonar og Haralds konungs? Hvað er að gerast?
- Haraldur konungur segir: „Hans ætt er ekki verri á Íslandi en þín hér í Noregi og ekki er langt um liðið síðan þeir voru norrænir er nú byggja Ísland.“ Hvað þýðir það sem hann er að segja? Hvað hefur ætterni manna með þetta að gera? Hvaða afstaða til Íslands og Íslendinga kemur fram í samtalinu?

HALLDÓR INNHEIMTI SKULD HJÁ HARALDI KONUNGI

Það er sagt einhvern dag er þeir konungur sátu við drykkju, og var Halldór þar í konungsstofunni, að sveinar hans komu þar, þeir er áttu að varðveita skipið, og voru allir votir og sögðu að Sveinn og menn hans hefðu tekið skipið en rekið þá á kaf. Halldór stóð upp og gekk fyrir konung og spurði hvort hann ætti að eiga skipið og það ætti að haldast sem konungur hafði sagt. Konungur svarar og sagði það vissulega skyldi haldast, kvaddi til síðan hirðina að þeir skyldu taka sex skip og fara með Halldóri og hafa þrefalda áhöfn á hverju skipi.

Þeir snúa nú eftir þeim Sveini og elta þá að landi og hljóp Sveinn á land upp en þeir Halldór tóku skipið og fóru til konungs.

Og þegar veislum var lokið fer konungur norður með landi og til Þrándheims er líður á sumarið.

Sveinn úr Lyrgju sendi orð til konungs að hann vildi leggja málið á konungs vald og biður hann að finna lausn á deilum þeirra Halldórs eins og honum finnist rétt og vildi þó helst kaupa skipið ef konungur samþykkti það. Og nú þegar konungur sér það að Sveinn skýtur öllu máli undir hans dóm þá vill hann bregða á það ráð sem báðum mætti líka, fagnar skipið til kaups af Halldóri og vill að hann hafi fyrir það gott verð en Sveinn hafi skipið. Kaupir konungur skipið og semja þeir Halldór um verð og greiðist allt upp nema **hálf mörk gulls** sem stendur eftir. Halldór sinni lítt um skuldina enda fékkst hún ekki greidd og fer svo fram um veturinn.

Og er vora tók segir Halldór konungi að hann vilji fara til Íslands um sumarið og kvað sér koma vel að þá fengi hann greitt

hálf mörk gulls jafngilti fjórum mörkum silfurs, eða 16-17 kílógrömmum

það sem eftir var skipverðsins. En konungur færist undan því að greiða gjaldið og líkar ekki vel að Halldór skuli vera að innheimta greiðsluna en ekki bannar hann Halldóri að fara út. Halldór býr skip sitt um vorið í ánni Nið og leggur út síðan við **Bröttueyri**.

Ög er þeir voru ferðbúnir og góður byr var þá gengur Halldór upp í bæinn með nokkra menn seint um kvöld. Hann var vopnaður. Gengu þeir þar til sem þau konungur og drottning sváfu. Förunautar hans stóðu úti undir loftinu en hann gengur inn með vopnum sínum og verður hávaði og skark af honum og vakna þau konungur við og spyr konungur hver þar brjótist að þeim um nætur.

„Hér er Halldór kominn og búinn til hafs og kominn á byr og er nú ráð að gjalda féð.“

„Það er ekki hægt svo skjótt,“ segir konungur, „og mun ég greiða féð á morgun.“

„Ég vil fá greitt strax,“ segir Halldór, „og mun ég nú ekki fara erindlaust. Þekki ég skaplyndi þitt og ég veit hvernig þér mun líka þessi för mín og fjárheimta hvernig sem þú lætur núna. Mun ég ekki treysta þér héðan í frá enda er ósýnt að við finnumst svo oft hér eftir og ætla ég að notfæra mér það og sé ég að drottning hefur verðmætan hring á hendi. Fáðu mér hann.“

Konungur svarar: „Þá verðum við sækja vog og vigta hringinn.“

„Ekki þarf þess,“ segir Halldór, „tek ég hann fyrir hlut minn enda muntu nú ekki **prettunum** við koma að sinni og láttu mig hafa hann strax.“

Drottning mælti: „Sérð þú ekki,“ segir hún, „að hann stendur uppi yfir þér og er í manndrápshug?“

Nið hét áin sem Niðarós er kenndur við

Brattaeyri er vestan við ána Nið og gengur út í Þrándheimsfjörð

byr merkir vindur í seglin

prettir eru svik



Tekur hún síðan hringinn og fær Halldóri.

Hann tekur við og þakkar þeim báðum gjaldið og biður þau vel að lifa, „og munum við nú skilja.“

Gengur hann nú út og mælti við förunauta sína, biður þá hlaupa sem fljótast til skipsins, „því að mig langar ekki til að dveljast lengi í bænum.“

Þeir gera svo, fara um borð í skipið og vinda sumir strax upp segl, sumir sinna bátnum, sumir draga upp akkeri og vinnur hver sem hraðast. Og er þeir sigldu út skorti ekki hornablástur í bænum og það sáu þeir síðast að þrjú langskip voru komin á flot og lögðu af stað á eftir þeim en þó fóru þeir hraðar og sigldu til hafs. Skilur þar með þeim og fékk Halldór góðan byr út til Íslands en konungsmenn sneru við þegar þeir sáu að Halldór fór hraðar en þeir og á haf út.

UPPRIFJUN:

1. Sveinn úr Lyrgju, sá sem varð að afhenda Halldóri skipið, gerði árás. Hvernig brugðust þeir við, fyrst Halldór og svo konungur?
2. Hvernig lauk deilum Halldórs og Sveins um skipið?
3. Haraldur konungur skuldaði Halldóri peninga. Hvernig stóð á því?
4. Halldór fór sjálfur og innheimti skuldina. Hvernig gerði hann það?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað finnst ykkur um söguna af því þegar Halldór Snorrason ruddist inn til konungs seint um kvöld og heimtaði af honum peninga? Getur þetta gerst? Ræðið málið.

HALLDÓR Í HJARÐARHOLTI TIL ÆVILOKA

Halldór Snorrason var mikill maður vexti og fríður sýnum, allra manna sterkastur og vopndjarfastur. Það vitni bar Haraldur konungur Halldóri að hann hefði verið sá af mönnum hans sem síst brygði við **voveiflega** hluti, hvort sem að höndum bar mannháska eða fagnaðartíðindi, þá var hann hvorki að glaðari né óglaðari. Ekki neytti hann matar eða drakk eða svaf meira né minna en hann var vanur hvort sem hann mætti blíðu eða stríðu. Halldór var maður fámæltur og stutturður og sagði það sem honum fannst, skapstyggar og ómjúkur, kappgjarn í öllum hlutum við hvern sem hann átti um. En það kom illa við Harald konung er hann hafði nóga aðra þjónustumenn. Þeim kom ekki vel saman eftir að Haraldur varð konungur í Noregi. En er Halldór kom til Íslands gerði hann bú í Hjarðarholti.

Nokkrum sumrum síðar sendi Haraldur konungur orð Halldóri Snorrasyni að hann skyldi ráðast enn til hans og lét það fylgja að hann skyldi fá meiri virðingu en áður ef hann vildi fara til hans og engan mann skyldi hann hærra setja í Noregi **ótíginn** ef hann vildi þiggja þetta boð.

Halldór svarar svo er hann fékk þessa orðsendingu: „Ekki mun ég fara á fund Haralds konungs héðan af. Mun nú hvor okkar hafa það sem fengið hefur. Ég þekki skaplyndi hans. Veit ég fyrir víst að hann mun efna það sem hann lofar, að setja engan mann hærra í Noregi en mig ef ég kæmi á hans fund, því að hann mundi láta hengja mig á hinn hæsta gálga ef hann mætti ráða.“

voveiflegur merkir hræðilegur, hörmulegur

ótíginn merkir maður sem ekki er af aðalsættum

Og þegar leið mjög á ævi Haralds konungs þá er sagt að hann sendi Halldóri orð um að hann skyldi senda honum **melrakkabelgi**, vildi láta gera af þeim yfir **rekkju** sína því að konungur þóttist þá þurfa hlýju.

Og þegar Halldóri barst orðsending konungs þá er sagt að honum yrði að orði: „Eldist **árgalinn** nú,“ sagði hann en sendi honum belgi.

En ekki fundust þeir sjálfir eftir að þeir skildu í Þrándheimi þó að það yrði með nokkrum styttingi í það skipti. Bjó Halldór í Hjarðarholti til elli og varð gamall maður.

UPPRIFJUN:

1. Haraldur konungur sendi Halldóri Snorrasyni orð til Íslands og bað hann að koma til sín aftur. Hvaða loforð til Halldórs fylgdi með skilaboðunum?
2. Hvernig túlkaði Halldór tilboð Haralds konungs?
3. Hvað sagði Halldór þegar konungur sendi honum orð og bað hann að senda sér melrakkabelgi?

TIL UMRÆÐU:

- Skoðið lýsingu Haralds konungs sem hann gaf á Halldóri Snorrasyni. Hvers konar maður er Halldór? Lýsið útliti hans og skapferli.

melrakkabelgir eru tófuskinn (melrakki er tófa)

rekkja merkir rúm

árgali merkir hani

NOKKUR RITUNARVERKEFNI:

1. Konungur sendi Þjóðólf þrisvar til Brands að biðja hann um gjöf. Brandur sagði ekki eitt einasta orð heldur afhenti kyrtillinn orðalaust en hélt annarri erminni eftir. En hvað hugsaði hann?
2. Oddný er gift Þorfinni og Ívar bróðir hans er úti í Noregi viðþolslaus af ástarsorg. En hvað finnst Oddnýju? Setjið nú saman stutt bréf sem hún skrifar vinkonu sinni um tilfinningar sínar til þessara bræðra.
3. Þórdís, dóttir Guðmundar ríka, fréttir að faðir hennar hafi neitað að samþykkja hjónaband hennar og Sörla. Nú förum við á örlítið tímaflakk. Þórdís sendir vinkonu sinni SMS. Hvað stendur þar?
4. Þorsteinn skelkur lýsir púkanum sem birtist á salerninu. Hvernig er útlitslýsingin?
5. Skrifid blaðfrétt. Þórður er að koma frá Englandi, Ingimar af Aski hefur lagt skipinu þar sem Þórður er vanur að hafa sitt skip, Þórður ýtir því í burtu og Ingimar reiðist ákaflega. Nú horfir ófriðlega. Hvernig er blaðfréttin? Semjið fyrirsögn, undirfyrirsögn og stuttan texta.
6. Ambáttin, kona Loðhattar þræls, situr á rúmi sínu með tvo nýfædda pílta í fanginu en hennar eigin sonur hefur verið tekinn af henni. Hún þorir ekki að mótmæla, en hvað hugsar hún? Hvernig líst henni á þessa pílta sem henni voru fengnir? Skrifid það sem hún er að hugsa.
7. Auðun kemur til Noregs með bjarndýr. Setjið ykkur í spor blaðmanns og takið við hann viðtal. Semjið þrjár til fjórar spurningar og svör Auðuns við þeim.
8. Sveinn úr Lyrgju kemur heim til sín, ævareiður eftir að hafa orðið að samþykkja að bóndasonur af Íslandi fái skipið sem hann réði yfir. Hann segir heimamönnum sínum, tæpitungulaust, hvað honum finnst um Halldór Snorrason og Harald konung. Skrifid ræðuna.

ÍSLENDINGAÞÆTTIR

Íslendingaþættir eru stuttar frásagnir frá miðöldum, oft tengdir öðrum viðameiri sögum, geta jafnvel í sumum tilvikum verið hluti af stærra verki en standa þó alltaf fyrir sínu sem sjálfstæðar sögur. Líklegt er talið að áður en ritun hófst hafi þættirnir verið þekktir sem munnlegar frásagnir.

Hér hafa þættirnir hafa verið einfaldaðir og orðfæri á nokkrum stöðum fært nær nútímamáli. Sú nýbreytni er í þessari bók að fyrstu fjórir þættirnir birtast tvisvar þar sem seinni gerðin hefur verið einfölduð enn frekar. Tilgangurinn með því er að reyna að ná til breiðari hóps nemenda. Þessi útgáfa er ætluð nemendum í efri bekkjum grunnskóla. Skýringar og verkefni fylgja hverjum þætti og kennsluleiðbeiningar er að finna á heimasíðu Menntamálastofnunar.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson annaðist þessa útgáfu. Hann kenndi lengi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og hefur auk þess langa reynslu bæði af kennslu í efri bekkjum grunnskólans og námsefnisgerð.

m MENNTAMÁLASTOFNUN

40209

ISBN-13 978-9979-0-2392-0



9 789979 023920

